



SKÝRSLA 2021-2023

KÖRFUKNATTLEIKSSAMBAND ÍSLANDS



Körfuknattleikssamband Íslands

Íþróttamiðstöðinni Laugardal · Engjavegi 6, 104 Reykjavík

Stjórn, starfsmenn og nefndir KKÍ tímabilið 2021-2023

Stjórn KKÍ:

Formaður:	Hannes Sigurbjörn Jónsson
Varaformaður:	Guðbjörg Norðfjörð Elíasdóttir
Annar varaformaður:	Birna Lárusdóttir
Gjaldkeri	Guðni Hafsteinsson
Ritari:	Lárus Blöndal
Meðstjórnandi:	Einar Karl Birgisson
Meðstjórnandi:	Erlingur Hannesson
Meðstjórnandi:	Herbert S. Arnason
Meðstjórnandi:	Jón Bender
Meðstjórnandi:	Guðrún Kristmundsdóttir

Skrifstofa KKÍ:

Formaður:	Hannes Sigurbjörn Jónsson
Afreks- og markaðsmál:	Kristinn Geir Pálsson
Móta- og fræðslustjóri:	Snorri Örn Arnaldsson
Skrifstofustjóri:	Sigrún Ragnarsdóttir
Íþróttafulltrúi:	Sólveig Helga Gunnlaugsdóttir

Mótanefnd:

Lárus Blöndal, formaður
Guðni Guðnason
Björn Bjarki Þorsteinsson

Dómaranefnd:

Jón Bender, formaður
Rögnvaldur Hreiðarson
Aðalsteinn Hrafnkelsson

Afreksnefnd:

Herbert Arnarson, formaður
Guðni Hafsteinsson
Erlingur Hannesson
Signý Hermanssdóttir
Ingibjörg Elva Vilbergsdóttir
Pálína María Gunnlaugsdóttir
Sveinbjörn Claessen

Fræðslunefnd:

Birna Lárusdóttir, formaður
Tobías Sveinbjörnsson
Margrét Kara Sturludóttir
Sigríður Inga Viggósdóttir
Jón Svan Sverrisson

Aga- og úrskurðarnefnd:

Einar Hugi Bjarnason, formaður
- *sagði af sér haustið 2021*
Birkir Guðmundarson, varaformaður,
- *tók við formennsku haustið 2021*
Hrefna Dögg Gunnarsdóttir, varaformaður
- *sagði af sér haustið 2021*
Jónas Már Torfason
- *tók við sem varaformaður haustið 2021*
Pálmi Rögnvalsson
- *kom inn haustið 2022 og tók við varaformennsku*
Kristinn G. Kristinsson
María Káradóttir
- *sagði af sér vorið 2022*
Leo Daðason
- *kom inn haustið 2022*

Áfrýjunardómstóll:

Þórólfur Þorsteinsson, formaður
Sveinbjörn Claesen
Ingimar Ingason

**Áfrýjunardómstóll
varamenn:**

Björgvin H. Björnsson
Bryndís Gunnlaugsdóttir
Jónína Guðmundsdóttir

Skoðunarmenn reikninga:

Sigurður Gíslason
Ester Alda Sæmundsdóttir

Skýrsla stjórnar og fastanefnda KKÍ 2021-2023

Skýrsla stjórnar og fastanefndar Körfuknattleikssambands Íslands 2021-2023.

Fljótlega eftir Körfuknattleiksþingi 2021 lauk skipti stjórn með sér verkum að tillögu formanns og nefndir voru skipaðar. Stjórn KKÍ hélt 37 formlega fundi auk margra óformlegra funda, símtala og annarra samskipta. Embættisfólk stjórnar er formaður, 1. varaformaður, 2. varaformaður og gjaldkeri sem starfa mikið saman á milli funda.

Þar sem formaður stýrir jafnframt daglegum rekstri skrifstofu eru formaður og 1. varaformaður í daglegum samskiptum þeirra á milli. Koma þau bæði fram fyrir hönd hreyfingarinnar innan sem utan landsins.

Formenn fastanefnda koma allir úr stjórn og eru mjög virkir í starfinu og eru í daglegum samskiptum við skrifstofu KKÍ.

Skrifstofa KKÍ

Á skrifstofu KKÍ starfa fjórir starfsmenn ásamt formanni KKÍ og heldur hún utan um allt það starf sem fram fer innan sambandsins í góðu samstarfi við aðildarfélög sambandsins, og nefndir og stjórn KKÍ.

Skrifstofan er, og hefur verið undirmönnuð um langt skeið. Hún nær því ekki að sinna öllum þeim störfum sem sinna þyrfti. KKÍ hefur kallað eftir því, og mun gera það áfram að ríkisvaldið komi sterkar að því að styðja við rekstur sérsambanda en hefur verið hingað til, og að þar yrði litið til Norðurlandanna með framkvæmd styrkja.

Fjármál

Mikil vinna hefur farið í að snúa við erfiðum rekstri KKÍ. Það hefur tekist vel, þó enn sé eitthvað verk óunnið í þeirri baráttu til að tryggja stöðugleika í rekstri sambandsins. Einhverjar ógnir stöðja enn að rekstri sambandsins, svo sem ótryggt styrkjakerfi Afrekssjóðs ÍSÍ, en treyst verður á góða samvinnu ÍSÍ og sérsambandanna við að lagfæra það umhverfi. Þó verður áfram kallað eftir því að ríkisvaldið kom enn sterkar að því að styrkja umhverfi afreksíþróttta til framtíðar, þar sem afrekssjóður er því miður undirfjármagnaður.

Samstarfsaðilar

Það er íþróttahreyfingunni mikilvægt að eiga öfluga bakhjarla. Þar sem íþróttastarf er mjög öflugt á Íslandi þá dreifa fyrirtæki landsins sínu samstarfi oft á marga aðila og það virðist vera núna síðustu mánuði að almennt sé erfiðara að sækja fjármagn til starfsins en það var áður.

Það er ánægjulegt að samstarfsaðilar KKÍ vinna í mörg ár með sambandinu og eru ánægðir með það sem verið er að gera. Það er einnig ánægjulegt að sjá að margir samstarfsaðilar aðildarfélaganna vinna mjög vel og náði með þeim að efla körfuboltann á þeirra svæðum.

Til að starfsemi sambandsins haldi áfram að vaxa og dafna þá er leitast við að gera samninga sem koma að flestum þáttum starfsins.

- Farsælu samstarfi KKÍ og Domino's með nafnarétt úrvalsdeilda lauk sumarið 2021. Domino's verður seint fullþakkað fyrir myndugan stuðning við íslenskan körfubolta um langt árabíl. Úrvalsdeildir karla og kvenna tóku nafn Subway upp fyrir keppnistímabilið 2021-2022 og hefur samstarf KKÍ og Subway dafnað á þessum tíma.

- KKÍ endurnýjaði styrktarsamning sinn við Icelandair sumarið 2021, en samningurinn gildir til ársins 2025.

- Samningur við DHL var endurnýjaður 2021 og gildir út árið 2024.

- Árið 2022 var endursamið til þriggja ára við Ölgerðina og Bílaleigu Akureyrar. Sama ár voru samningar við Lengjuna og Lykil framlengdir út árið 2023.

- Unbroken kom inn sem nýr samstarfsaðili 2022 og gildir samningurinn út árið 2023.

- Samningur við Errea um fatnað fyrir landslið KKÍ var endurnýjaður árið 2022 og gildir hann út 2027, en þó með uppsagnarákvæði árið 2025.

- Samningur við VÍS um nafnarétt Bikarkeppni KKÍ rennur út eftir keppnistímabilið 2022-2023. Unnið er að endurnýjun.

Jafnframt er unnið að því að finna nýja samstarfsaðila sem falla að öflugum starfi KKÍ.

Afreks- og landsliðsmál

Árangur A landsliðs karla hefur sannarlega verið eftirtektarverður, en liðið komst upp úr forkeppni HM karla og í undankeppnina. Í undankeppninni munaði einungis einu stigi á því að Ísland kæmist á HM, eftir góða sigra gegn Ítalíu, Holland, Georgíu og Úkraínu.



A-landslið kvenna hefur verið að styrkjast og sigur gegn Rúmeníu í nóvember tryggði að liðið lyfti sér upp um fjögur sæti á styrkleikalista FIBA og endaði í 3. sæti síns riðils. Spánn og Ungverjaland tryggðu sér sæti á lokamóti EM 2023.



Sumarið 2022 er eitt það allra besta í keppnum yngri landsliða frá upphafi, en U20 lið karla vann sig upp í A-deild. U18 karla og U16 drengja voru hársbreidd frá því að fara upp í A-deild sömuleiðis og enduðu í 4. og 5. sæti. Yngri landslið kvenna áttu sitt besta landsliðssumar sömuleiðis þar sem U16 stúlkna, U18 og U20 kvenna enduðu öll í 12. sæti á EM í sínum keppnum. Þegar árangur síðustu fimm ára er tekinn saman hjá yngri landsliðum, þá eru karlaliðin okkar í 23. sæti af 52 þjóðum og kvennaliðin í 27. sæti af 52.

KKÍ hefur barist duglega fyrir því að hér rísi ný þjóðarhöll fyrir innanhúsiþróttir. Landsliðin okkar eru heimilislaus. Sú vinna er farin að skila árangri, þar sem stjórnvöld hafa ákveðið að þjóðarhöllin mun rísa og undirbúningsvinna hefur gengið vel. Áfram þarf þó að vinna duglega að málinu, enda nauðsynlegt fyrir afreksstarf KKÍ að hér rísi íþróttahús sem uppfylli kröfur FIBA til leikja og nýtist jafnframt sem æfingahúsnæði fyrir landsliðin. Formaður og varaformaður KKÍ taka virkan þátt í þessari vinnu með ríkisvaldi, borg og öðrum frá íþróttahreyfingunni.

Sú aðgerð afrekssjóðs að færa KKÍ niður úr A-afrekssambandi í B-samband hefur mikil áhrif á afreksstarf KKÍ. Því miður þá gerist þetta eftir langbesta landsliðsár í sögu KKÍ, sem veldur þeim er fara fyrir sambandinu gríðarlegum vonbrigðum og miklu hugarangri. KKÍ hefur um árabíl talað fyrir því að breyta þurfi reglugerð um afrekssjóð, fyrir daufum eyrum. Því miður þá þurfti ákvörðun sem þessa til að hlustað yrði á gagnrýni KKÍ, en ÍSÍ hefur nú hafið vinnu við breytingu reglugerðarinnar í samstarfi við sérsamböndin. Ekki er ljóst hvað leiðir af þeirri vinnu.

Nánari upplýsingar um afreks- og landsliðsmál má finna í skýrslu afreksnefndar

COVID-19

Heimsfaraldur COVID-19, sem hófst á vordögum 2020, hefur sett mark sitt á starf KKÍ og aðildarféлага. Aðgerðir stjórnvalda vegna COVID-19 hófust 13. mars 2020 og settu mark sitt á starf KKÍ allt frá þeim degi og þar til öllum aðgerðum var aflétt föstudaginn 25. febrúar 2022. COVID-19 faraldurinn setti mark sitt á mótahald KKÍ, þar sem slaufa þurfti keppni vorið 2020 án þess að krýndir yrðu Íslandsmeistarar. Tímabilið 2020-2021 markaðist af takmörkunum, sem meðal annars stöðvuðu allar æfingar og stöðvuðu keppnishald frá byrjun október fram í miðjan janúar. Þess á milli þurfti að fresta leikjum vegna sóttkvíar eða einangrunar leikmanna. Tímabilið 2021-2022 var að mörgu leyti flóknast, þar sem smitbylgjan náði nýjum hæðum, sem þýddi fjölgun frestaðra leikja. Einnig höfðu takmarkanir yfirvalda þó nokkur áhrif á getu féлага til að ná sér í áhorfendatekjur, þar sem reglulega voru í gildi fjöldatakmarkanir sem takmörkuðu fjölda þeirra sem máttu sækja viðburði.

Faraldurinn hafði einnig talsverð áhrif á afreksstarf KKÍ. Yngri landslið KKÍ kepptu ekkert sumarið 2020 og tóku einungis þátt á Norðurlandamóti sumarið 2021. Sömuleiðis hafði þetta áhrif á keppni A landsliða, þar sem leika þurfti í sóttvarnarbubblum erlendis með flækjustigi, auknum kostnaði og minni tekjum.

Yfirvöld létu undir með íþróttastarfi innanlands með styrkjum. Alls veitti ríkisstjórnin um 2 milljörðum króna í styrki, fyrst um sinn til íþróttaféлага og í desember 2022 til sérsambanda og íþróttahéraða. KKÍ kann ríkisvaldinu sínar bestu þakkir fyrir að standa með íþróttahreyfingunni á þessum erfiðu tímum.

Útbreiðsla

Nokkur ný félög hafa komið inn í starf KKÍ á síðustu misserum. Hvöt á Blönduósi hóf körfuboltastarf með formlegum hætti 2021 og hefur þegar tekið þátt í Íslandsmóti. Góð samvinna hefur náðst á milli Hvatar og Tindastóls um uppbyggingu körfuboltans á Norðurlandi vestra.

Starf Dímons á Hvolsvelli hefur vaxið og hefur félagið nú tekið þátt í Íslandsmótum yngri flokka síðustu tvö tímabil. Dímon hefur sömuleiðis haft forgöngu um samstarf milli féлага í nágrenni Hvolsvallar.

Körfuknattleiksdeild Fylkis var endurvakin sumarið 2021 og hefur dafnað vel. Fylkir tók þátt í Íslandsmóti yngri flokka tímabilið 2021-2022 og bætti við meistaraflokki karla fyrir núverandi tímabil.

Áfram er unnið að því að styrkja nýjar körfuknattleiksdeildir við að hefja starfsemi. Útbreiðslustarf KKÍ miðar að því að styðja við yngri flokka starf innan féлага.

Samskiptaráðgjafi íþróttar- og æskulýðsstarfs

Samskiptaráðgjafi íþróttar- og æskulýðsstarfs tók til starfa á vormánuðum 2020 eftir að mennta- og menningarmálaráðuneytið setti lög um starfið haustið 2019. Samskiptaráðgjafi hefur það markmið að auka öryggi í íþróttar- og æskulýðsstarfi barna, ungmenna og fullorðinna. Markmiðið er að allir geti tekið virkan þátt á sínum vettvangi og

jafnframt leitað sér aðstoðar eða leitað réttar síns vegna atvika og misgerða sem hafa átt sér stað án þess að óttast afleiðingar.

Þjónusta og ráðgjöf samskiptaráðgjafa stendur öllum þeim til boða sem tilheyra skipulögðu íþróttá- og æskulýðsstarfi á landinu. Til samskiptaráðgjafa er hægt að leita með mál er varða andlegt-, líkamlegt- og kynferðislegt ofbeldi og áreitni, einelti og önnur sambærileg tilvik sem hafa komið upp á vettvangi íþróttá- eða æskulýðsstarfs. Frekari upplýsingar um starfsemi samskiptaráðgjafa íþróttá- og æskulýðsstarfs má finna á heimasíðu hans: <https://www.samskiptaradgjafi.is/>

KKÍ hefur átt í góðu samstarfi við samskiptaráðgjafa og hafa mál sem upp hafa komið innan KKÍ farið inn á borð samskiptaráðgjafa.

Þjálfaranám

Snorri Örn Arnaldsson, mótastjóri KKÍ, tók við umsjón með fræðslumálum sambandsins af Ágústi S. Björgvinssyni í mars 2022. Ágúst hafði haft umsjón með þjálfaranámi KKÍ frá 2014 og eru honum færðar bestu þakkir fyrir öflugt starf í fræðslumálum þjálfara.

Áfram er það áhyggjuefni hversu margir þjálfarar mæta ekki á þau þjálfaranámskeið sem eru í boði. Samkvæmt reglugerðum um þjálfaramenntun, þá ber þjálfurum að hafa ákveðna menntun til að fá að þjálfra. Fyrirhugað var byrja að vinna eftir þessum ákvæðum eftir tímabilið 2019-2020, en vegna faraldurs COVID-19 var því frestað. Horft verður til þess að byrja að vinna eftir þessum viðmiðum frá keppnistímabilinu 2023-2024 og þjálfarar eru því hvattir til að sækja sér þá menntun sem í boði er. Menntaðir þjálfarar eru öruggari í starfi, líður betur og iðkendum líður betur hjá þeim. Að sama skapi þá efla góðir þjálfarar innra starf félaganna, fjölga iðkendum og halda þeim lengur í starfinu. Verðmætin sem þjálfarar geta skapað ná langt umfram stöku góða leikmenn, heldur tryggja þeir vandað starf innan sinna félaga. Það er því ábyrgðarhlutverk að gæta þess að þjálfarar hafi nauðsynlega lágmarkspekkingu við þjálfun barna og unglinga.

Snorri Örn Arnaldsson og Viðar Örn Hafsteinsson hafa tekið þátt í FECC þjálfaranámi FIBA Europe. FECC stendur fyrir FIBA Europe Coaching Certificate og er mjög metnaðarfullt þjálfaranám á vegum FIBA Europe, en námið spannar þrjú sumur hvar þjálfarar mæta til námskeiða en vinna verkefni þess á milli. Snorri kláraði FECC sumarið 2022 og Viðar Örn lýkur náminu sumarið 2023. KKÍ hefur sótt um þrjú sæti í náminu fyrir 2023-2025 gluggann, en það skýrist fljótlega hversu mörg sæti Ísland fær.

KKÍ hvetur aðildarfélög sín til að kynna sér allt það góða fræðsluefni sem ÍSÍ hefur í gegnum árin gefið út um ýmis málefni. Má meðal annars nefna bæklinga um Aðgerðaráætlun gegn einelti, Kynferðislegt ofbeldi í íþróttum, Íþróttir barna og unglinga og Næring Íþróttafólks svo eitthvað sé nefnt. ÍSÍ heldur reglulega fyrirlestra um ýmis málefni sem eru oft mál sem eru mikið í umræðunni hverju sinni t.d. höfuðhögg íþróttá og meðhöndlun þeirra, andleg heilsa íþróttafólks og ýmislegt fleira. Starfsfólk ÍSÍ er ávallt reiðubúið að aðstoða og allar upplýsingar um fræðslumál ÍSÍ má finna á síðu þeirra <http://www.isi.is/fraedsla/>. Frekari upplýsingar um fræðslu- og útbreiðslumál má sjá í skýrslu Fræðslunefndar.

Kvendómaranámskeið

FIBA dómariinn Andrada Monika Csander kom og hélt tvö kvendómaranámskeið, ásamt hádegisfyrirlestri í samvinnu við ÍSÍ um konur í dómgæslu. Námskeiðin heppnuðust vel, en áfram þarf að vinna að því að fjölga konum í dómgæslu.



Lyfjamál

Lyfjapróf í körfuknattleik [þvagprufur] teknar af Lyfjæftirliti Íslands á tímabilinu mars til mars á hvoru ári:

Mars 2021- Mars 2022

9 lyfjapróf – allt karlar og allt utan keppni

Mars 2022 – Mars 2023

13 lyfjapróf – allt karlar [4 í keppni / 9 utan keppni]

Öll sýnin reyndust **neikvæð**.

Lyfjæftirlit Íslands hefur tekið við því hlutverki fyrir utan almennar lyfjaprófanir og eftirlit, fyrir hönd ríkisins í gegnum svokallaðan Macolin samning, að standa fyrir fræðslu um hagræðingu úrslita og ólöglega veðmálafarfarum. Fræðsluerindi LÍ munu endurspegla það en áhersla verður lögð á stærstu boltageinarnar innan ÍSÍ til að byrja með. Þessi fræðsla verður eins og áður framkvæmd í samráði og samvinnu við sérsamböndin.

Íþróttafólki þarf að vera kunnugt um reglur varðandi veðmál og hagræðingu úrslita. Óheimilt er að veðja á eigin leiki og eigin keppni skv. lögum ÍSÍ og margra sérsambanda en þar er átt við eigin keppni að þá er miðað við aðra leiki í sömu deild eða sömu bikarkeppni.

Körfuknattleiksfólk ársins 2021 og 2022

Í lok hvers árs velja sérsambönd ÍSÍ íþróttamenn sinna íþróttagreina. Hjá KKÍ er það þannig að stjórn, afreksnefnd, starfsmenn skrifstofu og landsliðsþjálfarar velja körfuknattleiksfólk ársins.



2021 Körfuknattleikskarl ársins · Elvar Már Friðriksson

2021 Körfuknattleikskona ársins · Sara Rún Hinriksdóttir

Aðrar sem fengu atkvæði í stafrófsröð voru: Birna Valgerður Benónýsdóttir, Dagbjört Dögg Karlsdóttir, Dagný Lís Davíðsdóttir, Hallveig Jónsdóttir, Isabella Ósk Sigurðardóttir, Lovísa Björt Henningsdóttir og Thelma Dís Ágústsdóttir.

Aðrir sem fengu atkvæði í stafrófsröð voru: Hörður Axel Vilhjálmsson, Jón Axel Guðmundsson, Styrmir Snær Þrastarson og Ægir Þór Steinarsson.

2022 Körfuknattleikskarl ársins · Elvar Már Friðriksson

2022 Körfuknattleikskona ársins · Sara Rún Hinriksdóttir

Aðrar sem fengu atkvæði í stafrófsröð voru: Anna Ingunn Sveinsdóttir, Birna Valgerður Benónýsdóttir, Dagný Lís Davíðsdóttir, Eva Margrét Kristjánsdóttir, Helena Sverrisdóttir, Isabella Ósk Sigurðardóttir og Vilborg Jónsdóttir

Aðrir sem fengu atkvæði í stafrófsröð voru: Jón Axel Guðmundsson, Kári Jónsson, Kristófer Acox og Martin Hermannsson.

Íþróttamaður ársins 2021 og 2022

Á árlegu hófi ÍSÍ og samtaka íþróttafréttamanna 29. desember 2021 var Martin Hermannsson á meðal tíu eftstu í kjörinu. Hann varð fjórði í kjörinu þetta árið.

Á hófinu sama dag ári síðar 2022 voru tveir leikmenn á topp 10, en það voru þeir Elvar Már Friðriksson, sem varð sjöundi í kjörinu, og Tryggvi Snær Hlinason, sem varð níundi.



Fjölmiðlar

KKÍ.is er mjög mikið notaður af áhugafólki um körfubolta sem og öðrum er afla sér upplýsinga um sambandið og íþróttina. KKÍ er einnig virkt á helstu samfélagsmiðlum og er áhugafólk um körfubolta hvatt til að nota #korfubolti þegar verið að skrifa um körfuboltann.



Samstarf við fjölmiðla er afar gott og leggja stjórn og starfsmenn KKÍ mikla áherslu á öflugt samstarf við alla fjölmiðla. Starfsfólk á íþróttamiðlum fjölmiðlana eru íþróttinni okkar afar mikilvægir og það skiptir máli að aðbúnaður fjölmiðlafólks sé eins góður og hægt er í

Íþróttahúsum svo þau geti unnið vinnuna sína vel. KKÍ þakkar öllum fjölmiðlum fyrir gott og gefandi samstarf.

Stöð 2 Sport, í góðu samstarfi við KKÍ, hefur aukið umfjöllun sína um íslenskan körfubolta síðustu misseri. Það lýsir sér í fjölgun beinna útsendinga úr úrvalsdeildum karla og kvenna, ásamt stökum beinum útsendingum frá 1. deildum karla og kvenna.

Íþróttamiðstöðin í Laugardal – samstarf við ÍSÍ og önnur sérsambönd

KKÍ á í góðu og miklu samstarfi við ÍSÍ, UMFÍ og sérsambönd um hin ýmslu mál er varðar íþróttahreyfinguna. Einnig er gott samstarf við mörg héraðs- og íþróttabandalög.



Töluverðar framkvæmdir hafa verið í Íþróttamiðstöðinni í Laugardal undanfarið ár og í lok árs 2022 flutti UMFÍ skrifstofur sínar í Laugardalinn sem er afar ánægjulegt. Fundarsalirnir tóku góðum breytingum og má segja að þeir hafi verið færðir til nútímans.

KKÍ hefur um árabíl formlega sem og óformlega talað fyrir því að breyta þurfi reglugerð um afrekssjóð. Lítið sem ekkert hefur gerst í þeim málum fyrr en síðustu vikur og hefur ÍSÍ nú hafið vinnu við breytingu reglugerðarinnar í samstarfi við sérsamböndin. Ekki er ljóst hvað leiðir af þeirri vinnu en það er einlæg von KKÍ að óvissu um framtíð afreksstarfs KKÍ verði eytt á vormánuðum með nýrri reglugerð.

Í íþróttamiðstöðinni starfar fólk með mikla reynslu og þekkingu sem oft er miðlað á milli sambandsaðila. KKÍ þakkar það góða samstarf sem er í íþróttamiðstöðinni þvert á íþróttagreinir og íþróttar- og héraðsbandalögin.

Alþjóðlegt starf

Alþjóðlega starfið er mikilvægt og stór þáttur í starfsemi sambandins. Miklar og eðlilegar kröfur FIBA til sinna aðildarlanda aukast stöðugt. Fyrir hönd KKÍ hafa Hannes S. Jónsson formaður, Guðbjörg Norðfjörð Elíasdóttir varaformaður, Kristinn Geir Pálsson afreksstjóri og Snorri Örn Arnaldsson mótastjóri séð um alþjóðlegt samstarf. Norðurlöndin starfa mikið saman og funda reglulega.



Mótahald

Mótahald KKÍ er það langnæststærsta innan sérsambanda ÍSí. Leikjum hefur fjölgað ár frá ári og umfang mótahaldsins því vaxið langt umfram það sem áður þekktist. Körfuboltinn hefur verið og stefnir áfram að því að vera ein útbreiddasta íþrótt landsins, þar sem körfuboltinn er stundaður í 22 af 25 íþróttahéruðum.

Það er ákveðið áhyggjuefni hversu erfiðlega gengur að koma upplýsingum áfram innan aðildarfélaganna KKÍ. Mótanefnd heldur á hverju vori dagatalsfund þar sem keppnisdagatal komandi tímabils er kynnt, ásamt helstu áherslum reglugerða varðandi mótahald KKÍ. Samantekt er þá send út eftir fund, en auk þess eru haldnir mánaðarlegir örfundir með tengiliðum félaga fyrsta þriðjudag hvers mánaðar. Þrátt fyrir þetta virðist þekking á

mótahaldinu og þeim reglugerðum sem ramma mótahaldið inn vera takmörkuð innan félaganna. Þetta þarf að breytast eigi KKÍ og félögin að geta haldið úti jafn umfangsmiklu mótahaldi og nú er.

Frekari upplýsingar um mótahaldið má finna í skýrslum mótanefndar, dómarnefndar og aga- og úrskurðarnefndar.

Alþjóðlegir dómara, eftirlitsmenn og dómaraleiðbeinandi

Á dómaraalista KKÍ hjá FIBA eru þeir Davíð Tómas Tómasson, Jóhannes Páll Friðriksson, Ísak Ernir Kristjánsson, Bjarki Þór Davíðsson og sá allra nýjasti er Stefán Kristinsson sem er að hefja nám og vottun til að fara byrja að dæma á yngri mótum sumarsins. FIBA eftirlitsmenn eru Jón Bender og Rúnar Birgir Gíslason. Kristinn Óskarsson er alþjóðlegur dómaraleiðbeinandi og þá var Aðalsteinn Hjartarson að hætta að dæma sem FIBA dómari og hefur fært sig yfir í dómaraleiðbeinanda hlutverkið og er að ljúka vottun sem slíkur.



Fyrirkomulagið er þannig að annað hvert ár fá aðildarþjóðir FIBA pláss fyrir ákveðinn fjölda dómara og eftirlitsmanna út frá árangri landsliða og félagsliða í alþjóðlegum keppnum og var því ánægjulegt að fá inn nýjan dómara nú í vetur.

Frekari upplýsingar um dómaramál er að finna í skýrslu dómarnefndar.

Rafíþróttalandslíð Íslands:

Ísland tók þátt í rafíþróttamóti FIBA í leiknum NBA2K í fyrsta sinn í apríl 2021 en þá átti Ísland lið á FIBA Esports Open III-mótinu sem haldið var í Evrópu. Þetta voru ákveðin tímamót í sögu KKÍ þar sem þetta var fyrsta rafíþróttalið KKÍ og við hæfi að það hafi gerst á 60 ára afmælisári sambandsins.



Landslið Íslands í NBA2K 2021 var skipað eftirtöldum leikmönnum:

Friðrik Heiðar Vignisson (Fyrirliði) · Vestri
Alexander Leon Kristjánsson · Vestri
Agnar Daði Jónsson · Reykjavík
Björgvin Lúther Sigurðarson · Álftanes
Lórenz Geir Þórisson · Haukar
Róbert Ingi Gunnarsson · Haukar

Aron Ólafsson og Jóhannes Páll Durr voru liðsstjórar frá RÍSí og Kristinn Geir Pálsson frá KKÍ.



Skýrsla mótanefndar KKÍ 2021-2023

Mótanefnd er skipuð þeim Lárusi Blöndal, formanni, Guðna Guðnasyni og Bjarka Þorsteinssyni.

Almennt

Það er ákveðið áhyggjuefni hversu erfiðlega gengur að koma upplýsingum áfram innan aðildarfélaganna KKÍ. Mótanefnd heldur á hverju vori dagatalsfund þar sem keppnisdagatal komandi tímabils er kynnt, ásamt helstu áherslum reglugerða varðandi mótahald KKÍ. Samantekt er þá send út eftir fund, en auk þess eru haldnir mánaðarlegir örfundir með tengiliðum félaga fyrsta þriðjudag hvers mánaðar. Þrátt fyrir þetta virðist þekking á mótahaldinu og þeim reglugerðum sem ramma mótahaldið inn vera takmörkuð innan félaganna. Þetta þarf að breytast eigi KKÍ og félögin að geta haldið úti jafn umfangsmiklu mótahaldi og nú er.

Áhrif COVID-19

Fyrri hluti tímabilsins einkenndist af takmörkunum og afleiðingum COVID-19 faraldursins. Góð samvinna var við HSÍ vegna sameiginlegra leiðbeininga sem sérsambönd þurftu að gefa út varðandi framkvæmd leikja og móta. Alls voru níu útgáfur af leiðbeiningum gefnar út í tengslum við tímabilið, vegna breytinga á samkomutakmörkunum og samkvæmt lögum og leiðbeiningum frá yfirvöldum. Síðustu leiðbeiningarnar voru gefnar út 12. febrúar, en yfirvöld tilkynntu um afléttingar allra takmarkana 25. febrúar 2022. Frá þeim degi var hætt að fresta leikjum vegna veikinda leikmanna.

Gefnar voru út tíu leiðbeiningarskjöl vegna takmarkana yfirvalda í tengslum við keppnistímabilið 2021-2022.

26. júlí 2021
30. ágúst 2021
16. september 2021
20. október 2021
10. nóvember 2021
13. nóvember 2021
23. desember 2021
15. janúar 2022
29. janúar 2022
12. febrúar 2022

Þar sem öllum takmörkunum var aflétt þann 25. febrúar 2022 hefur COVID-19 ekki haft frekari áhrif á mótahald.

Tímabilið 2020-2021

Úrslit Íslandsmóts réðust eftir þing 2021.

Íslandsmót meistaraflokka:

Úrvalsdeild karla

Keflavík urðu deildarmeistarar. Það kom í hluta Hauka og Hattar að falla niður í 1. deild. Lokastaða deildarinnar var sem hér segir:

Nr.	Lið	U	T	Stig
1.	Keflavík	20	2	40
2.	Þór Þorlákshöfn	14	8	28
3.	Stjarnan	14	8	28
4.	Valur	12	10	24
5.	KR	12	10	24
6.	Grindavík	11	11	22
7.	Þór Akureyri	10	12	20
8.	Tindastóll	9	13	18
9.	Njarðvík	9	13	18
10.	ÍR	8	14	16
11.	Höttur	7	15	14
12.	Haukar	6	16	12

Í átta liða úrslitum mættust:

Keflavík [1] og Tindastóll [8] hvar Keflavík vann 3-0, Þór Þ. [2] og Þór Ak. [7] þar sem Þór Þ. vann 3-1, Stjarnan [3] og Grindavík [6] sem Stjarnan vann 3-2, og Valur [4] og KR [5] sem KR vann 3-2.

Í undanúrslitum mættust annars vegar Keflavík [1] og KR [4], sem Keflavík vann 3-0, og hins vegar Þór Þ. [2] og Stjarnan [3], sem Þór Þ. vann 3-2. Það voru því lið Keflavíkur [1] og Þórs Þ. [2] sem mættust í lokaúrslitum sem Þór Þ. vann 3-2 eftir oddaleik fyrir troðfullu húsi. Adomas Drungilas, Þór Þorlákshöfn, var valinn besti leikmaður lokaúrslitanna.

Úrvalsdeild kvenna

Valur urðu deildarmeistarar. Það kom í hlut KR að falla niður í 1. deild. Lokastaða deildarinnar var sem hér segir:

Nr.	Lið	U	T	Stig
1.	Valur	18	3	36
2.	Haukar	15	6	30
3.	Keflavík	14	7	28
4.	Fjölnir	14	7	28
5.	Breiðablik	8	13	16
6.	Skallagrímur	8	13	16
7.	Snæfell	5	16	10
8.	KR	2	19	4

Í undanúrslitum mættust annars vegar Valur [1] og Fjölnir [4] þar sem Valur vann 3-0, og hins vegar Haukar [2] og Keflavík [3] sem Haukar sigruðu 3-0. Í úrslitum mættust því Valur [1] og Haukar [2] og stóðu Valur uppi sem Íslandsmeistarar eftir 3-0 sigur. Helena Sverrisdóttir, Val, var valin besti leikmaður lokaúrslitanna.

1. deild karla

Breiðablik urðu deildarmeistarar og fóru því beint upp í úrvalsdeild. Þar sem fækka þurfti umferðum vegna COVID-19 var leikin átta liða úrslitakeppni um sæti í úrvalsdeild. Þar mættust Hamar [2] og Hrunamenn [9] sem Hamar vann 2-0, Sindri [3] og Selfoss [8] sem Selfoss vann 1-2, Vestri [4] og Fjölnir [7] sem Vestri vann 2-0, og Álftanes [5] og Skallagrímur [6] sem Skallagrímur vann 1-2. Í undanúrslitum mættust annars vegar Hamar [2] og Selfoss [8] sem Hamar vann 3-1, og hins vegar Vestri [4] og Skallagrímur [6] sem Vestri vann 3-0. Í úrslitum um laust sæti mættust Hamar [2] og Vestri [4] sem Vestri vann 1-3. Ekkert lið féll úr deildinni þar sem hún var einungis skipuð 9 liðum.

Nr.	Lið	U	T	Stig
1.	Breiðablik	13	3	26
2.	Hamar	11	5	22
3.	Sindri	9	7	18
4.	Vestri	9	7	18
5.	Álftanes	9	7	18
6.	Skallagrímur	9	7	18
7.	Fjölnir	5	11	10
8.	Selfoss	4	12	8
9.	Hrunamenn	3	13	6

1. deild kvenna

Þar sem fækka þurfti umferðum vegna COVID-19 var leikin átta liða úrslitakeppni um sæti í úrvalsdeild. Í átta liða úrslitum mættust Njarðvík [1] og Vestri [8] sem Njarðvík vann 2-0, ÍR [2] og Tindastóll [8] sem ÍR vann 2-0, Grindavík [3] og Stjarnan [7] sem Grindavík vann 2-0, og Ármann [5] og Hamar-Þór [6] sem Ármann vann 2-0. Í undanúrslitum mættust Njarðvík [1] og Ármann [5] sem Njarðvík vann 3-0, og ÍR [2] og Grindavík [3] sem Grindavík vann 3-0. Í úrslitum um laust sæti í úrvalsdeild mættust Njarðvík [1] og Grindavík [3] sem Grindavík vann 3-2.

Nr.	Lið	U	T	Stig
1.	Njarðvík	15	1	30
2.	ÍR	14	2	28
3.	Grindavík	11	5	22
4.	Fjölnir-b	7	9	14
5.	Ármann	6	10	12
6.	Hamar - Þór	6	10	12
7.	Stjarnan	6	10	12
8.	Tindastóll	6	10	12
9.	Vestri	1	15	2

2. deild karla

Ekki var hægt að ljúka keppni 2. deildar karla með venjubundnum hætti vegna COVID-19. Raða þurfti liðum upp eftir meðalstigum þeirra, þar sem fjölda leikja var deilt í áunnin stig. Fjögur efstu A liðin fóru í úrslitakeppni um laust sæti í 1. deild. Þar mættust Reynir S. [1] og KV [4] sem Reynir S. vann 1-0 og Ármann [2] og ÍA [3] sem ÍA vann 0-1. Í úrslitum mættust Reynir S. [1] og ÍA [3] sem Reynir S. vann 1-0. Í úrslitum B-liða mættust Valur b [1] og Njarðvík b [2] sem Valur b vann 1-0.

Nr.	Lið	U	T	Stig
1.	Njarðvík b	7	1	14
2.	Valur b	6	0	12
3.	Reynir S.	5	2	10
4.	Ármann	4	3	8
5.	ÍR b	4	3	8
6.	KR b	3	5	6
7.	Fjölnir b	3	4	6
8.	ÍA	2	2	4
9.	Leiknir R.	2	5	4
10.	KV	2	6	4

11.	Tindastóll b	1	4	2
12.	Stal-úlfur	1	5	2

3. deild karla

Keppni lauk ekki í 3. deild karla þetta tímabilið, en takmarkanir vegna COVID-19 settu keppninni talsverð takmörk.

Nr.	Lið	U	T	Stig
1.	Vestri b	3	0	6
2.	Álftanes b	3	0	6
3.	Þróttur Vogum	2	1	4
4.	Haukar b	1	2	2
5.	Þór Ak. b	0	3	0
6.	Kormákur	0	3	0

Íslandsmeistarar 2021:

Úrvalsdeild karla: Þór Þ.

Úrvalsdeild kvenna: Valur

Unglingaflokkur karla: Stjarnan/Álftanes

Stúlknaflokkur: Grindavík

Drengjaflokkur: Fjölnir

10. flokkur drengja: Fjölnir

10. flokkur stúlkna: Þór Þ./Hamar/Selfoss

9. flokkur drengja: Stjarnan

9. flokkur stúlkna: Stjarnan

8. flokkur drengja: Haukar

8. flokkur stúlkna: Stjarnan

7. flokkur drengja: Stjarnan

7. flokkur stúlkna: Stjarnan

Minnibolti 11 ára drengja: Njarðvík

Minnibolti 11 ára stúlkna: Stjarnan

Minnibolti 10 ára drengja: Stjarnan

Minnibolti 10 ára stúlkna: Stjarnan

Deildarmeistarar 2021:

Úrvalsdeild karla: Keflavík

Úrvalsdeild kvenna: Valur

1. deild karla: Breiðablik

1. deild kvenna: Njarðvík

2. deild karla: Njarðvík b

3. deild karla: Vestri b

B-liðameistarar karla: Valur b



Verðlaun 2020-2021

Domino's deild karla

Úrvalslíð Domino's deildar karla
 Hörður Axel Vilhjálmsson · Keflavík
 Ægir Þór Steinarsson · Stjarnan
 Styrmir Snær Þrastarson · Þór Þ.
 Kristófer Acox · Valur
 Sigurður Gunnar Þorsteinsson · Höttur

Leikmaður ársins · MVP:
 Hörður Axel Vilhjálmsson · Keflavík

Erlendur leikmaður ársins:
 Deane Williams · Keflavík

Þjálfari ársins:
 Lárus Jónsson · Þór Þ.

Ungi leikmaður ársins:
 Styrmir Snær Þrastarson · Þór Þ.

Varnarmaður ársins:
 Hörður Axel Vilhjálmsson · Keflavík

Prúðasti leikmaðurinn:
 Jakob Örn Sigurðarson · KR

Dómari ársins
 Sigmundur Már Herbertsson

Sjálfboðaliði ársins
 Gunnlaug Olsen · Keflavík



Domino's deild kvenna

Úrvalslíð Domino's deildar kvenna

Sara Rún Hinriksdóttir · Haukar

Þóra Kristín Jónsdóttir · Haukar

Helena Sverrisdóttir · Valur

Isabella Ósk Sigurðardóttir · Breiðablik

Hildur Björg Kjartansdóttir · Valur

Leikmaður ársins · MVP:

Sara Rún Hinriksdóttir · Haukar

Erlendur leikmaður ársins:

Daniela Warren Morillo · Keflavík

Þjálfari ársins:

Ólafur Jónas Sigurðsson · Valur

Ungi leikmaður ársins:

Elísabeth Ýr Ægisdóttir · Haukar

Varnarmaður ársins:

Dagbjört Dögg Karlsdóttir · Valur

Prúðasti leikmaðurinn:

Þóra Kristín Jónsdóttir · Haukar



1. deild karla

Úrvalslíð ársins í 1. deild karla

Árni Elmar Hrafnsson · Breiðablik

Róbert Sigurðsson · Álftanes

Ragnar Jósef Ragnarsson · Hamar

Snorri Vignisson · Breiðablik

Sveinbjörn Jóhannesson · Breiðablik

Leikmaður ársins · MVP:

Árni Elmar Hrafnsson · Breiðablik

Erlendur leikmaður ársins:

Jose Medina Aldana · Hamar

Þjálfari ársins:

Pétur Ingvarsson · Breiðablik

Ungi leikmaður ársins:

Sveinn Búi Birgisson · Selfoss

1. deild kvenna

Úrvalslíð ársins í 1. deild kvenna
Vilborg Jónsdóttir · Njarðvík
Jónína Þórdís Karlsdóttir · Ármann
Hekla Eik Nökkvadóttir · Grindavík
Aníka Linda Hjálmarsdóttir · ÍR
Bergdís Lilja Þorsteinsdóttir · Stjarnan

Leikmaður ársins · MVP:
Jónína Þórdís Karlsdóttir · Ármann

Erlendur leikmaður ársins:
Chelsea Nacole Jennings · Njarðvík

Þjálfari ársins:
Rúnar Ingi Erlingsson · Njarðvík

Ungi leikmaður ársins:
Hekla Eik Nökkvadóttir · Grindavík

Tímabilið 2021-2022

Keppnistímabilið 2021-2022 voru 37 félög skráð til leiks, en það er fjórum félögum meira en tímabilið á undan. Líð ÍBV skráði sig ekki til keppni aftur, en við bættust Aþena, Dímon, Fylkir, Garpur og Laugdælir. Afturelding, Dímon, Fylkir, Garpur, Laugdælir, Reynir S. og Umf. Samherjar voru bara með yngri flokka. KV, Leiknir R., Stál-úlfur og Þróttur V. voru bara með meistaraflokk.

Eins og áður er getið voru áhrif COVID-19 á mótahald nokkur þetta tímabilið. Stærsta smitbylgjan í faraldrinum hófst rétt fyrir júl 2021 og stóð fram á vormánuði. Þetta hafði talsverð áhrif á mótahaldið, en það helsta verður rakið hér að neðan:

- *Deildarkeppni yngri flokka kláraðist ekki þar sem ekki reyndist unnt að koma öllum frestuðum leikjum fyrir. Notast var við meðalstigafjölda líða til að ákvarða röðun þeirra í deildarkeppni. Leikin voru 8 líða úrslita í öllum deildum yngri flokka.*
- *2. umferð MB10 ára var frestað í nóvember vegna smitbylgju og leikið aðra helgina í janúar. Vegna fjölda smita í samfélaginu á þeim tíma, þá var liðum gefinn kostur á að mæta ekki án þess að það hefði áhrif á röðun þeirra fyrir 3. umferð.*
- *2. umferð MB11 ára var frestað í nóvember vegna smitbylgju og leikið aðra helgina í febrúar. Vegna fjölda smita í samfélaginu á þeim tíma, þá var liðum gefinn kostur á að mæta ekki án þess að það hefði áhrif á röðun þeirra fyrir 3. umferð.*
- *VÍS bikarkeppni KKÍ, sem var fyrirhuguð dagana 11.-16. janúar var færð til 16.-20. mars. Þetta var gert vegna þeirrar miklu óvissu sem var í þjóðfélaginu, og að það taldist líklegt að ekki yrði hægt að spila einhvern fjölda úrslitaleikja vegna smita. Leikið var í Smáranum þar sem Laugardalshöll var óleikfær vegna hitavatnsleka í nóvember 2020.*
- *Mótastjóri lagði fram minnisblað mótahald vorið 2022 til stjórnar KKÍ þann 4. janúar 2022. Minnisblaðið fjallaði um framhaldi mótahaldsins og hvernig taka skyldi á frávikum í*

mótahaldi var stað. Stjórn KKÍ staðfesti minnisblaðið og þær tillögur sem þar komu fram á fundi 5. janúar 2022.

Meistarakeppni KKÍ

Í meistarakeppni karla var leikið í Icelandic Glacial höll Þórs Þ., heimavelli Íslandsmeistara karla. Þar mættust Íslandsmeistarar Þórs Þ. og bikarmeistarar Njarðvíkur og höfðu Íslandsmeistarar Þórs Þ. betur 113-100.

Í meistarakeppni kvenna var leikið í Origo-höll Vals, heimavelli Íslandsmeistara kvenna. Þar mættust Íslandsmeistarar Vals og bikarmeistarar Hauka og höfðu bikarmeistarar Hauka betur 58-62.

Bikarkeppni KKÍ 2021

Bikarkeppni KKÍ bar í fyrsta sinn nafn VÍS keppnistímabilið 2020-2021. Vegna þeirra aðstæðna sem mynduðust í COVID-19 faraldrinum gat keppnin ekki farið fram vorið 2021, eins og áður hafði verið kynnt og ritað um í skýrslu mótanefndar 2021, og var því keppninni frestað til september 2021. Þeim félögum sem voru skráð til leiks var gefinn kostur á því að breyta sinni skráningu, þar sem forsendur keppinnar voru aðrar en upphaflega var lagt upp með. Lið Hrunamanna og Selfoss óskuðu eftir því að taka ekki þátt í VÍS bikar karla og lið Skallagríms og Snæfells í VÍS bikar kvenna, og við því var orðið. VÍS bikarkeppni karla hófst á forkeppni 29. ágúst og við tók undankeppni liða úr 1. deild karla þann 3. september. 16 liða úrslit voru leikin 5.-7. september, 8 liða úrslit 12. september, undanúrslit 16. september og úrslit 18. september. VÍS bikarkeppni kvenna hófst á 16 liða úrslitum 5.-6. september, 8 liða úrslit voru leikin 11. september, undanúrslit 15. september og úrslit 18. september. Vegna vatnsskemmda á gólfi Laugardalshallar í nóvember 2020, sem ekki tókst að lagfæra fyrir VÍS bikarkeppni KKÍ, voru úrslitin leikin í Smáranum í umsjón KKÍ. Aðrir leikir fóru fram á heimavelli þess liðs sem á undan er talið upp. Úrslitaleikirnir voru báðir í beinni útsendingu á RÚV 2.



VÍS bikarkeppni yngri flokka var ekki kláruð tímabilið 2020-2021, þar sem ekki reyndist unnt að koma henni fyrir í keppnisdagatalinu. Þetta kom til vegna takmarkana yfirvalda á haustdögum 2020, þegar bannað var að æfa og keppa. Þegar keppni hófst að nýju, þá þótti mikilvægara að tryggja eins eðlilega framvindu Íslandsmóts eins og mögulegt var. Ekki var

heldur rými í dagatali til að koma bikarkeppni yngri flokka fyrir á haustdögum 2021 eins og gert var með bikarkeppni meistaraflokka.

Íslandsmót meistaraflokka

Úrvalsdeild karla

Úrvalsdeild karla bar í fyrsta sinn nafn Subway tímabilið 2021-2022. Deildin var skipuð 12 liðum og urðu Njarðvíkingar deildarmeistarar. Vestri og Þór Ak. voru nýliðar í deildinni og kom það í þeirra hlut að falla niður í 1. deild. Lokastaða deildarinnar var sem hér segir:

Nr.	Lið	U	T	Stig
1.	Njarðvík	17	5	34
2.	Þór Þ.	17	5	34
3.	Valur	14	8	28
4.	Tindastóll	14	8	28
5.	Keflavík	14	8	28
6.	Stjarnan	13	9	26
7.	Grindavík	11	11	22
8.	KR	10	12	20
9.	Breiðablik	9	13	18
10.	ÍR	8	14	16
11.	Vestri	4	18	8
12.	Þór Ak.	1	21	2

Í átta liða úrslitum mættust:

- Njarðvík [1] og KR [8] hvar Njarðvík vann 3-0,
- Þór Þ. [2] og Grindavík [7] þar sem Þór Þ. vann 3-1,
- Valur [3] og Stjarnan [6] sem Valur vann 3-0, og
- Tindastóll [4] og Keflavík [5] sem Tindastóll vann 3-2.

Í undanúrslitum mættust annars vegar Njarðvík [1] og Tindastóll [4], sem Tindastóll vann 3-1, og hins vegar Þór Þ. [2] og Valur [3], sem Valur vann 3-0. Það voru því lið Vals [3] og Tindastóls [4] sem mættust í lokaúrslitum sem Valur vann 3-2 eftir oddaleik fyrir troðfullu húsi. Kári Jónsson, Val, var valinn besti leikmaður lokaúrslitanna.



Úrvalsdeild kvenna

Úrvalsdeild kvenna bar sömuleiðis nafn Subway í fyrsta skipti tímabilið 2021-2022. Deildin var skipuð 8 liðum, en lið Skallagríms sagði sig úr keppni Subway deildar kvenna 9. desember 2021, og lauk því deildarkeppni með sjö liðum. Grindavík og Njarðvík voru nýliðar í deildinni, en Njarðvík fékk sæti Snæfells sem dróg sig úr keppni deildarinnar fyrir tímabilið. Þar sem deildarkeppni lauk með sjö liðum féll ekkert lið niður í 1. deild. Lokastaða deildarinnar var sem hér segir:

Nr.	Lið	U	T	Stig
1.	Fjölnir	16	8	32
2.	Valur	16	8	32
3.	Haukar	15	9	30
4.	Njarðvík	14	10	28
5.	Keflavík	11	13	22
6.	Grindavík	6	18	12
7.	Breiðablik	6	18	12

Í undanúrslitum mættust annars vegar Fjölnir [1] og Njarðvík [4], hvar Njarðvík hafði betur 3-1, og hins vegar Valur [2] og Haukar [3] þar sem Haukar höfðu betur 3-0. Það voru því lið Hauka [3] og Njarðvíkur [4] sem mættust í lokaúrslitum, þar sem Njarðvík unnu eftir oddaleik fyrir troðfullu húsi á Ásvöllum. Aliyah A'taeya Collier, Njarðvík, var valin besti leikmaður lokaúrslitanna.



Evrópukeppnir

Kvennalið Hauka tók þátt í FIBA EuroCup Women og urðu fyrsta íslenska liðið til að komast áfram í riðlakeppni úr undankeppni. Í undankeppni mættu þær portúgalska liðinu Sportiva/AzorisHotels. Fyrri leikurinn vannst hér á Íslandi, 81-76 og sá seinni tapaðist á útivelli 79-81. Samanlagður árangur dugði Haukum því áfram í riðlakeppni. Þar mættu þær Villeneuve d'Ascq LM frá Frakklandi, Tarbes GB frá Frakklandi og KP Brno frá Tékklandi. Allir leikir riðlakeppninnar töpuðust.

Þátttaka Hauka í riðlakeppni FIBA EuroCup Women þýddi að mótanefnd þurfti að gera breytingu á keppnisdagatali Hauka í Subway deild kvenna.

1. deild karla

Tíu lið voru skráð til keppni í 1. deild karla. Reynir S. kom upp úr 2. deild, en ákvað að þiggja ekki sætið. ÍA var því boðið sætið, sem þeir þáðu og var deildin því fullskipuð. Haukar urðu deildarmeistarar 1. deildar karla og fóru því beint upp í úrvalsdeild. Í keppni um laust sæti áttust annars vegar við Höttur [2] og Fjölnir [5], og hins vegar Sindri [3] og Álftanes [4]. Höttur vann sína viðureign 3-0 og Álftanes vann sína viðureign 3-2. Í úrslitum um sæti í úrvalsdeild hafði Höttur [2] betur gegn Álftanesi [4] 3-0 og fylgdu því Haukum upp um deild. ÍA féll niður í 2. deild.

Nr.	Lið	U	T	Stig
1.	Haukar	25	2	50
2.	Höttur	22	5	44
3.	Sindri	18	9	36
4.	Álftanes	16	11	32
5.	Fjölnir	15	12	30
6.	Selfoss	12	15	24
7.	Skallagrímur	11	16	22
8.	Hrunamenn	11	16	22
9.	Hamar	4	23	8
10.	ÍA	1	26	2

1. deild kvenna

1. deild kvenna var skipuð 11 liðum, sem er tveimur liðum meira en tímabilið á undan. Inn í deildina komu endurvaktur meistaraflokkur Þórs Ak. og nýtt lið Aþenu/UMFK. Ármann varð deildarmeistari og eftir úrslitakeppni fjögurra liða þar sem Ármann [1] vann Hamar-Þór [4] 3-1 og ÍR [2] sigraði KR [3] 3-2. Í úrslitum mættust Ármann [1] og ÍR [2] þar sem ÍR hafði betur eftir oddaleik, 3-2, og færðist upp í úrvalsdeild.



Nr.	Lið	U	T	Stig
1.	Ármann	18	2	36
2.	ÍR	17	3	34
3.	KR	12	8	24
4.	Hamar-bór	11	9	22
5.	bór Ak.	11	9	22
6.	Snæfell	11	9	22
7.	Aþena-UMFK	10	10	20
8.	Tindastóll	8	12	16
9.	Stjarnan	7	13	14
10.	Fjölnir B	3	17	6
11.	Vestri	2	18	4

2. deild karla

2. deild karla var skipuð 10 liðum. Í undanúrslitum sigraði Ármann [1] Snæfell [4] og Þróttur V. [2] hafði betur gegn Leiknir R. [3]. Í úrslitum sigraði Ármann [1] Þrótt V. [2] 2-0 og fóru því upp í 1. deild. Í úrslitaleik B liða hafði KR b betur gegn Fjölni b.

Nr.	Lið	U	T	Stig
1.	Ármann	18	0	36
2.	Þróttur V.	14	4	28
3.	Leiknir R.	12	6	24
4.	KR b	10	8	20
5.	Fjölnir B	9	9	18
6.	Snæfell	8	10	16
7.	Stál-úlfur	7	11	14
8.	Keflavík b	6	12	12
9.	ÍR b	5	13	10
10.	Tindastóll b	1	17	2

3. deild karla

Í 3. deild karla skráðu sex lið sig til leiks. Ekki var leikin úrslitakeppni þetta sinnið, en Haukar b urðu deildarmeistarar. Engin færsla er á milli 2. og 3. deildar, þar sem það er opin skráning í 2. deild karla.

Íslandsmót yngri flokka

Íslandsmót yngri flokka hófst 1. september og leikið var til 4. apríl 2022. Faraldur COVID-19 hafði mikil áhrif á keppni í yngri flokkum, en vegna útbreiðslu smita, sóttkvíar og einangrunar var ekki hægt að ljúka öllum leikjum á leikjaskrá. Brugðið var á það ráð að leyfa öllum liðum að komast í úrslitakeppni, en leikin var 8 liða úrslitakeppni í öllum deildum í öllum flokkum.

Vegna COVID-19 var ákveðið að leika 9. flokk í heima og að heiman fyrirkomulagi. Þetta kom til vegna samkomutakmarkana, sem höfðu áhrif á það hversu margir máttu koma saman og hversu lengi viðburður gat staðið yfir. Það ásamt því hversu erfitt var að finna þessum fjölliðamótum leikstað hjá skráðum félögum varð til þess að framangreind ákvörðun var tekin.

Bikarkeppni KKÍ 2022

VÍS bikarkeppni KKÍ var leikin í mars 2022. Upphaflega var áætlað að leika 11.-16. janúar 2022, en vegna stöðunnar í COVID-19 faraldrinum ákvað stjórn KKÍ, að tillögu mótanefndar, að fresta bikarvikunni til 16.-20. mars. Samhliða voru þær umferðir í úrvalsdeildum karla og kvenna sem voru á dagskrá þessa daga í mars færðar. Laugardalshöll var ekki enn leikfær í mars og því var aftur leikið í Smáranum. Leikir meistaraflokka voru allir sýndir á RÚV eða RÚV2 og leikjum yngri flokka streymt á Stjarnan TV á Youtube.

Að þessu sinni var bikarúrslitaleikur karla fyrri úrslitaleikurinn, en þar hafði Stjarnan betur gegn Þór Þ. Í úrslitum kvenna sigruðu Haukar Breiðablik.

Fundir

Mótanefnd stóð fyrir dagatalsfundi þann 14. júní fyrir keppnistímabilið 2021-2022. Sömuleiðis stóðu starfsmenn mótanefndar fyrir fjar-örfundum í hádeginu fyrsta þriðjudag hvers mánaðar þar sem farið var yfir það sem framundan er.

Íslandsmeistarar 2022:

Úrvalsdeild karla: Valur

Úrvalsdeild kvenna Njarðvík

Unglingaflokkur karla: Stjarnan/Álftanes

Stúlknaflokkur: Haukar

Drengjaflokkur: Fjölnir

10. flokkur drengja: ÍR

10. flokkur stúlkna: KR

9. flokkur drengja: Stjarnan

9. flokkur stúlkna: Stjarnan

8. flokkur drengja: Stjarnan

8. flokkur stúlkna: Stjarnan

7. flokkur drengja: Stjarnan

7. flokkur stúlkna: Stjarnan

Minnibolti 11 ára drengja: Njarðvík

Minnibolti 11 ára stúlkna: Stjarnan

Minnibolti 10 ára drengja: Stjarnan

Minnibolti 10 ára stúlkna: Valur

Deildarmeistarar 2022:

Úrvalsdeild karla: Njarðvík

Úrvalsdeild kvenna: Fjölnir

1. deild karla: Haukar

1. deild kvenna: Ármann

2. deild karla: Ármann

3. deild karla: Haukar-b

B-liðameistarar karla: KR-b

Bikarmeistarar 2022:

Meistaraflokkur karla: Stjarnan

Meistaraflokkur kvenna: Haukar

Unglingaflokkur karla: KR

Stúlknaflokkur: Fjölnir

Drengjaflokkur: Fjölnir

10. flokkur drengja: Stjarnan

10. flokkur stúlkna: Stjarnan

9. flokkur drengja: Stjarnan

9. flokkur stúlkna: Stjarnan

Tímabilið 2022-2023

Tímabilið 2022-2023 voru 36 félög skráð til leiks, en það er einu félagi minna en tímabilið á undan. Lið Garps og Reynis S. skráðu sig ekki til leiks, en Garpur tekur þó þátt í sameiginlegu liði. Reykdælir komu að nýju inn með eigið lið í Íslandsmót. Afturelding, Dímon, Kormákur, Reykdælir og Umf. Samherjar voru bara með yngri flokka. KV, Leiknir R., Stál-úlfur og Þróttur V. voru bara með meistaraflokk.

Breytingar á reglugerð um körfuknattleiksmót

Fyrir keppnistímabilið samþykkti stjórn KKÍ nokkrar breytingar á reglugerð um körfuknattleiksmót sem höfðu áhrif á framkvæmd keppni. Þær eru sem hér segir:

- 11. flokkur karla og kvenna bætist við (yngsta ár framhaldsskóla). Leiknir verða 22 leikir á tímabili.
- 12. flokkur karla og kvenna bætist við (annað og þriðja ár framhaldsskóla). Leiknir verða 22 leikir á tímabili.
- Ungmennaaflokkur bætist við (tvö ár eftir 12. flokk). Í þeim flokki má nota þrjú leikmenn 23 ára og yngri sem eru ekki hluti af sjö mínútuhestu leikmönnum meistaraflokks. Leiknir verða 22 leikir á tímabili.
- Leiktími 10. flokks verður 4x10 og leiknir verða 20 leikir á tímabili.
- Leiknir verða 18 leikir á tímabili í 9. flokki.
- Drengja-, stúlkna- og unglíngaflokkur karla falla út.
- Skráning í 7. og 8. flokk verður opin yfir tímabilið svo hægt verður að gera breytingar á milli móta.
- Skráning í 3. deild karla klárast 4. september.
- 9., 10., 11. og 12. flokkur munu keppa í bikarkeppni KKÍ. Ungmennaaflokkur keppir einungis í deildarkeppni.

Keppnistímabilið 2022-2023 var því skipulagt með hliðsjón af þessum breytingum.

Meistarakeppni KKÍ

Í meistarakeppni karla var leikið í Origo höll Vals, heimavelli Íslandsmeistara karla. Þar mættust Íslandsmeistarar Vals og bikarmeistarar Stjórnunnar og höfðu Íslandsmeistarar Vals betur 80-77.

Í meistarkeppni kvenna var leikið í Ljónagryfju Njarðvík, heimavelli Íslandsmeistara kvenna. Þar mættust Íslandsmeistarar Njarðvíkur og bikarmeistarar Hauka og höfðu Íslandsmeistarar Njarðvíkur betur 94-87.

Bikarkeppni KKÍ 2023

Bikarkeppni KKÍ bar aftur nafn VÍS keppnistímabilið 2022-2023. Að þessu sinni var bikarkeppnin leikin með hefðbundnu sniði, í fyrsta sinn frá 2019-2020 tímabilinu. Leikið var í Laugardalshöll í umsjón KKÍ og fór bikarvikan fram dagana 10.-15. janúar. Í bikarvikunni voru leiknir úrslitaleikir ásamt undanúrslitum meistaraflokka, aðrir leikir fóru fram á heimavelli þess liðs sem á undan er talið upp. Úrslitaleikir meistaraflokka voru báðir í beinni útsendingu á RÚV, en úrslitaleikjum yngri flokka var streymt á Youtube síðu KKÍ í umsjón Stjórnunnar og RÚV. Í úrslitaleik karla hafði Valur betur gegn Stjórnunni og í úrslitaleik kvenna sigruðu Haukar lið Keflavíkur.

Íslandsmót meistaraflokka

Úrvalsdeild karla

Subway deild karla er skipuð 12 liðum og eru Haukar og Höttur nýliðar í deildinni. Þegar þetta er skrifað liggur ekki fyrir hvaða lið verður deildarmeistari né hvaða lið falla úr deildinni.

Úrvalsdeild kvenna

Subway deild kvenna er skipuð 8 liðum og eru ÍR nýliðar í deildinni. Þegar þetta er skrifað liggur ekki fyrir hvaða lið verður deildarmeistari né hvaða lið fellur úr deildinni.

Evrópukeppnir

Karlalið Þórs Þ. tók þátt í forkeppni að FIBA Europe Cup sem fram fór í Kosovó og féllu úr leik í fyrstu umferð gegn Petrolina AEK frá Kýpur.

1. deild karla

1. deild karla er skipuð 10 liðum. Ármann kom upp úr 2. deild en Þór Ak. og Vestri komu niður úr úrvalsdeild. Vestri ákvað að taka ekki sæti sitt í 1. deild karla. Því var ÍA, sem hafði fallið niður í 2. deild um vorið, boðið að halda sæti sínu í deildinni, sem þeir þáðu. Þegar þetta er skrifað liggur ekki fyrir hvaða lið verður deildarmeistari né hvaða lið fellur úr deildinni.

1. deild kvenna

1. deild kvenna er skipuð 9 liðum. Vestri skráði sig til leiks en hætti við þátttöku áður en tímabilið hófst. Ekkert lið kom niður úr úrvalsdeild kvenna, þar sem henni lauk með 7 liðum tímabilið á undan. Þegar þetta er skrifað liggur ekki fyrir hvaða lið verður deildarmeistari né hvaða lið fellur úr deildinni.

2. deild karla

2. deild karla var skipuð 12 liðum í upphafi tímabils. Lið Keflavíkur Þ dró sig úr keppni eftir að mótið hófst og var liði KV boðið að taka þeirra sæti, sem þeir þáðu. Lið Stál-úlfs dró sig sömuleiðis úr keppni í byrjun 2023, en ekkert lið kom í þeirra stað og lýkur því deildarkeppni 2. deildar karla með 11 liðum. Þegar þetta er skrifað liggur ekki fyrir hvaða lið verður deildarmeistari.

3. deild karla

Í þriðju deild karla skráðu sig fjögur lið til leiks. Það var ekki nóg til að halda úti deildarkeppni tímabilið 2022-2023 og því var ekki leikið í deildinni þetta tímabilið.

Íslandsmót yngri flokka

Íslandsmót yngri flokka hófst 1. september. Deildarkeppni stendur til 25. apríl og fjölliðamót til 7. maí. Úrslitaleikir 9.-11. flokks og ungmennaflokks verða leiknir dagana 12.-15. maí. Úrslit 12. flokks verða leikin í seríu þar sem vinna þarf tvo leiki til að verða Íslandsmeistari. Mótanefnd finnur vel fyrir því hversu vandasamt verk er að koma fjölliðamótum fyrir í íþróttahúsum. Á þessu tímabili hefur þurft að setja alls 9 fjölliðamót í staka leiki, sem er fjölgun frá fyrri tímabilum. Það er ekki hentugt fyrir þau félög sem eru í viðkomandi riðlum, né fyrir mótanefnd að þurfa að grípa til þessa úrræðis.

Bikarkeppni KKÍ 2023

VÍS bikarkeppni KKÍ var leikin með hefðbundnum hætti þetta keppnistímabilið. Allir úrslitaleikir ásamt undanúrslitaleikjum meistaraflokka fóru fram í Laugardalshöll í umsjón KKÍ. Leikir meistaraflokka voru sýndir beint á RÚV og RÚV 2 en aðrir leikir voru sýndir beint á Youtube síðu KKÍ. Í úrslitaleik kvenna sigruðu Haukar lið Keflavíkur og í úrslitaleik karla höfðu Valur betur gegn Stjörnunni.

Fundir

Mótanefnd stóð fyrir dagatalsfundi í maí 2022 fyrir keppnistímabilið 2022-2023. Jafnframt var tekið upp á þeirri nýbreytni að bjóða upp á röðunarfund þann 15. júní, til að fara yfir skráningu í deildarkeppni yngri flokka og staðfesta styrkleikaröðun. Sömuleiðis stóðu starfsmenn mótanefndar fyrir fjar-örfundum í hádeginu fyrsta þriðjudag hvers mánaðar þar sem farið er yfir þau verkefni sem framundan eru.

Bikarmeistarar 2023:

Meistaraflokkur karla: Valur

Meistaraflokkur kvenna: Haukar

12. flokkur karla: ÍR

12. flokkur kvenna: Haukar

11. flokkur drengja: Stjarnan

11. flokkur stúlkna: Stjarnan

10. flokkur drengja: Stjarnan

10. flokkur stúlkna: Stjarnan

9. flokkur drengja: KR

9. flokkur stúlkna: Njarðvík

Skýrsla dómarnefndar KKÍ 2021-2023

Stjórn KKÍ skipaði eftirtalda einstaklinga í dómarnefnd KKÍ: Jón Bender formaður, Rögnvaldur Hreiðarsson og Aðalsteinn Hrafnkelsson.

Fjöldi endurmenntunarfunda voru haldnir á þessum tveimur tímabilum, bæði staðfundir og rafrænir. Haustfundir, miðsvetrarfundir eru hefðbundnir fundir sem dómarnefnd heldur ásamt ýmsum smærri fundum yfir tímabilið. Því miður sniðgengu dómara haustfundinn 2022 vegna samningamála. Dómarnefnd hvetur aðila til að ná sáttum í þeim málum sem fyrst. Mikið hefur verið rætt og skrifað á líðandi tímabili um starfsumhverfi dómara sem þarf að bæta en á sama tíma má heldur ekki gleyma því sem vel hefur verið gert í þeim málum.



Dómara þreyttu þrekpróf og stunduðu endurmenntun sína á www.basketref.com en þar taka dómara þrjú próf í mánuði ásamt annari vinnu á vefnum

Í dómarnefnd sitja þrír sjálfboðaliðar, eins og sjá má í þessari skýrslu er umfangið orðið ansi mikið og því einsýnt að nefndin þarf starfsmann á skrifstofu sambandsins til að sinna daglegum málum svo að nefndin geti einbeitt sér enn frekar að fræðslu og umbótamálum dómara ásamt umgjörð leikja.

Nefndin raðaði á alla leiki í meistaraflokkum karla og kvenna, unglingsflokkum karla, stúlknaflökki, drengjaflokkum, 12. flokkum og 1. deild í 11. flokkum karla og kvenna. Nokkur félög úti á landi fengu undanþágu frá niðurröðun vegna mikils ferðakostnaðar á þeim forsendum að dómara þeirra leikja hefðu lokið grunnnámskeiði. Raðað var á alla bikarleiki, úrslitaleiki og úrslitamót yngri flokka. Dómarnefnd raðaði 61 dómara á 1.388 leiki eða 3.098 störf tímabilið 2021-2022 og hefur raðað sem af er þessu tímabili þegar að þetta er skrifað 62 dómurum á 1.064 leiki eða 2.370 störf.

Langtíma markmið dómarnefndar er að fjölga dómurum með réttindi sem dæma á vegum KKÍ og að allir leikir á vegum KKÍ verði dæmdir af dómurum með réttindi. Lauslega áætlað

má reikna með að það þurfi rúmlega 100 dómara á dag þegar leikjafjöldinn er sem mestur. Í bikarúrslitum yngri flokka var raðað þremur dómurum á leik. Í úrslitakeppum í tveimur efstu deildum karla og kvenna hefur þremur dómurum verið raðað á leikina.

Vegna COVID-19 voru engin grunnnámskeið haldin tímabilið 2021-2022. Á yfirstandi tímabili hafa fjölmörg grunnnámskeið verið haldin í samvinnu við félögin og hafa nokkur hundruð útskrifast af þeim námskeiðum sem vonandi skilar sér á næstu árum í fjölgun virkra dómara en a.m.k. í aukinni fræðslu til iðkenda og annara sem koma að leiknum. Bæði tímabilin voru fimm annaðstigs námskeið haldin. Sú nýbreytni var tekinn upp að bjóða upp á námskeið á ensku. Slík námskeið hafa skilað okkur fjölgun dómara. Fimm námskeiðanna voru á ensku, tvö námskeið voru kvendómaranámskeið, eitt námskeið var haldið á Egilsstöðum en önnur í Reykjavík.

Aðalsteinn Hjartarson fór á námskeið FIBA sem dómaraleiðbeinandi í byrjun árs 2022. FIBA tilnefndi Aðalstein sem dómaraþjálfar í ágúst sama ár á EM U18 kvenna B-deild í Búlgaríu. Kristinn Óskarsson fór til Króatíu 2021 á endurmenntunarnámskeið fyrir FIBA leiðbeinendur. Í ágúst 2021 var Kristinn tilnefndur af FIBA sem dómaraleiðbeinandi á Spániá EM U16 kvenna A-deild. FIBA dómara og eftirlitsmenn okkar voru á ferðinni eins og sjá má í töflum 1-6 hér fyrir neðan:

Tafla 1. Bjarki bór Davíðsson

Dagsetning	Keppni	Borg	Land	Leikur
11.8.2022	Evrópukeppni U16 strákar B deild	Sofía	Búlgaríá	Austurríki-Eistland
12.8.2022	Evrópukeppni U16 strákar B deild	Sofía	Búlgaríá	Bretland-Noregur
13.8.2022	Evrópukeppni U16 strákar B deild	Sofía	Búlgaríá	Kýpur-Austurríki
16.8.2022	Evrópukeppni U16 strákar B deild	Sofía	Búlgaríá	Eistland-Belgía
18.8.2022	Evrópukeppni U16 strákar B deild	Sofía	Búlgaríá	Írland-Noregur
19.8.2022	Evrópukeppni U16 strákar B deild	Sofía	Búlgaríá	Lúxemborg-Eistland
20.8.2022	Evrópukeppni U16 strákar B deild	Sofía	Búlgaríá	Ungverjaland-Úkraína

Tafla 2. Davíð Tómas Tómasson

Dagsetning	Keppni	Borg	Land	Leikur
10.8.2021	Evrópukeppni smáþjóða karla	Dublin	Írland	Malta-San Marino
12.8.2021	Evrópukeppni smáþjóða karla	Dublin	Írland	Andorra-Gibraltar
14.8.2021	Evrópukeppni smáþjóða karla	Dublin	Írland	Malta-Andorra
15.8.2021	Evrópukeppni smáþjóða karla	Dublin	Írland	Írland-Malta
20.10.2021	FIBA Europe Cup	London	Bretland	London Lions-Kapferberg Bull
03.11.2021	EuroCup women	Bydgoszcz	Pólland	Polskiep.Bydgoszcz-Olympiacos
10.11.2021	FIBA Europe Cup	Aarhus	Danmörk	Bakken Bears-Peristeri
14.11.2021	Evrópukeppni kvennalandslið	Dublin	Írland	Írland-Tékkland
29.7.2022	Evrópukeppni U18 strákar B deild	Ploiesti	Rúmenía	Rúmenía-Slóvakía
30.7.2022	Evrópukeppni U18 strákar B deild	Ploiesti	Rúmenía	Lettland-Portúgal
31.7.2022	Evrópukeppni U18 strákar B deild	Ploiesti	Rúmenía	Belgía-Finnland
02.8.2022	Evrópukeppni U18 strákar B deild	Ploiesti	Rúmenía	Austurríki-Belgía
03.8.2022	Evrópukeppni U18 strákar B deild	Ploiesti	Rúmenía	Svíþjóð-Finnland
05.8.2022	Evrópukeppni U18 strákar B deild	Ploiesti	Rúmenía	Kosovo-Írland

06.8.2022	Evrópukeppni U18 strákar B deild	Ploiesti	Rúmenía	Bosnía Hersegovína-Rúmenía
07.8.2022	Evrópukeppni U18 strákar B deild	Ploiesti	Rúmenía	Kosovo-Kýpur
28.8.2022	Evrópukeppni karla Pre QR	Bergen	Noregur	Noregur-Danmörk
27.9.2022	FIBA Europe Cup Qualification	Jonavo	Litháen	SCMU Craiova-CBET
26.10.2022	FIBA Europe Cup	Kauhajoki	Finnland	Karhu Basket-Sporting CP
23.11.2022	FIBA Europe Cup	Norrköping	Svíþjóð	Norrköping Dolphins-CSO Voluntari
12.1.2023	EuroCup women	Gdynia	Pólland	VBW Arka Gdynia-LDLC Asvel Feminin
12.2.2023	Evrópukeppni kvenna Pre EuroBasket	Stokkhólmur	Svíþjóð	Svíþjóð-Lettland

Tafla 3. Ísak Ernir Kristinsson

Dagsetning	Keppni	Borg	Land	Leikur
23.9.2021	EuroCup women	Bergen	Noregur	Ulriken Eagles - Liege Panthers

Tafla 4. Jóhannes Páll Friðriksson

Dagsetning	Keppni	Borg	Land	Leikur
13.10.2021	EuroCup women	Nantes	Frakkland	La Roche Vendee Basket Club - Flammes Carolo Basket
3.11.2021	EuroCup women	Bourges	Frakkland	Tango Bourges-Tenerife

Tafla 5. Jón Bender

Dagsetning	Keppni	Borg	Land	Leikur
27.10.2021	EuroCup kvenna	London	England	London Lion-Castors Braine
24.7.2022	Evrópukeppni U18 strákar C deild	San Marino	San Marino	Gíbraltar-Armenía
24.7.2022	Evrópukeppni U18 strákar C deild	San Marino	San Marino	Malta-Andorra
25.7.2022	Evrópukeppni U18 strákar C deild	San Marino	San Marino	Moldova-Gíbraltar
25.7.2022	Evrópukeppni U18 strákar C deild	San Marino	San Marino	San Marino-Malta
26.7.2022	Evrópukeppni U18 strákar C deild	San Marino	San Marino	Armenía-Moldova
26.7.2022	Evrópukeppni U18 strákar C deild	San Marino	San Marino	Malta-Monakó
27.7.2022	Evrópukeppni U18 strákar C deild	San Marino	San Marino	Azerbajjan-Armenía
27.7.2022	Evrópukeppni U18 strákar C deild	San Marino	San Marino	Monakó-Andorra
28.7.2022	Evrópukeppni U18 strákar C deild	San Marino	San Marino	Moldova-Azerbajjan
28.7.2022	Evrópukeppni U18 strákar C deild	San Marino	San Marino	Andorra-Albanía
30.7.2022	Evrópukeppni U18 strákar C deild	San Marino	San Marino	Andorra-Armenía
30.7.2022	Evrópukeppni U18 strákar C deild	San Marino	San Marino	Moldova-Malta
31.7.2022	Evrópukeppni U18 strákar C deild	San Marino	San Marino	San Marino-Gíbraltar
31.7.2022	Evrópukeppni U18 strákar C deild	San Marino	San Marino	Armenía-Moldova
31.7.2022	Evrópukeppni U18 strákar C deild	San Marino	San Marino	Monakó-Albanía

Tafla 6. Rúnar Birgir Gíslason

Dagsetning	Keppni	Borg	Land	Leikur
08.1.2020	EuroCup kvenna	Polkowice	Pólland	CCC Polkowice - Botas Spor
09.1.2020	EuroCup kvenna	Bydgoszcz	Pólland	Artego Bydgosz - ACS Sepsi
11.3.2020	FIBA Europe Cup	Ventspils	Lettland	Ventspils-Bahcesehir College
10.8.2021	Evrópukeppni smáþjóða karla	Dublin	Írland	Andorra-Írland
11.8.2021	Evrópukeppni smáþjóða karla	Dublin	Írland	Gíbraltar-Malta
12.8.2021	Evrópukeppni smáþjóða karla	Dublin	Írland	Írland-San Marino
14.8.2021	Evrópukeppni smáþjóða karla	Dublin	Írland	Malta-Andorra
15.8.2021	Evrópukeppni smáþjóða karla	Dublin	Írland	Írland-Malta
13.10.2021	FIBA Europe Cup	Groningen	Holland	Donar Groningen-London Lions
25.11.2021	EuroCup kvenna	Namur	Belgía	Basket Namur-Valencia
08.12.2021	FIBA Europe Cup	Crailsheim	býskaland	Merlins Crailsheim-Reggina
02.2.2022	FIBA Europe Cup	Aarhus	Danmörk	Bakken Bears-Bahcesehir College
30.6.2022	Forkeppni Eurobasket 2025	Næstved	Danmörk	Danmörk-Kosovo
26.7.2022	Evrópukeppni U18 stelpur C deild	Andorra	Andorra	Malta-Albanía
27.7.2022	Evrópukeppni U18 stelpur C deild	Andorra	Andorra	Albanía-Andorra
28.7.2022	Evrópukeppni U18 stelpur C deild	Andorra	Andorra	Moldova-Gíbraltar
29.7.2022	Evrópukeppni U18 stelpur C deild	Andorra	Andorra	Moldova-Andorra
30.7.2022	Evrópukeppni U18 stelpur C deild	Andorra	Andorra	Georgía-Albanía
31.7.2022	Evrópukeppni U18 stelpur C deild	Andorra	Andorra	Gíbraltar-Moldova
31.7.2022	Evrópukeppni U18 stelpur C deild	Andorra	Andorra	Andorra-Albanía
28.8.2022	Forkeppni Eurobasket 2025	Bergen	Noregur	Noregur-Danmörk
13.11.2022	Forkeppni Eurobasket 2025	Bergen	Noregur	Noregur-Slóvakía
23.11.2022	FIBA Europe Cup	Norrköping	Svíþjóð	Norrköping Dolphins-CSO Voluntari
23.2.2023	Forkeppni Eurobasket 2025	Næstved	Danmörk	Danmörk-Noregur

Rúnar Birgir var jafnframt Crew Chief Commissioner (CCC) á mótinu í Andorra. Rúnar sótti námskeið fyrir Technical Delegate fyrri hluta árs 2023.

Á Norðurlandamót unglíngalandsliða 2021 fóru Jakob Árni Ísleifsson, Birgir Örn Hjörvarsson og Stefán Kristinsson. Á sama mót 2022 fóru Bjarni Rúnar Lárusson, Bjarni Hlíðkvist Kristmarsson, Daníel Steingrímsson, Elías Karl Guðmundsson, Einar Valur Gunnarsson. Aðalsteinn Hrafnkellson var dómaraleiðbeinandi á mótinu.

Í byrjun september 2021 fékk Ísland úthlutað frá FIBA fjórum (4) leyfum fyrir alþjóðlega dómara, en þau leyfi fengu Davíð Tómas Tómasson, Ísak Ernir Kristinsson, Jóhannes Páll Friðriksson og Bjarki Þór Davíðsson. Eftirlitsmenn FIBA frá Íslandi voru Rúnar Birgir Gíslason og Jón Bender. Ísland fékk nýjan kvóta frá FIBA í janúar 2023 fjóra dómara og tvo eftirlitsmenn, tilnefndir verða. Davíð Tómas Tómasson, Jóhannes Páll Friðriksson, Ísak Ernir Kristinsson og Bjarki Þór Davíðsson dómara nefndin tilnefndi einnig Stefán Kristinsson sem FIBA dómara Íslands. Rúnar Birgir Gíslason og Jón Bender verða tilnefndir sem eftirlitsmenn. Dómara nefnd þakkar skrifstofu sambandsins fyrir mjög gott samstarf.

Skýrsla afreksnefndar KKÍ 2021-2023

KKÍ hefur á undanförunum árum lagt mikinn metnaði í að bæta afreksstarfið á öllum stigum og hefur að auki sent öll sín lið til keppni eða í verkefni, frá U15 liðum upp í gegnum U16, U18, U20 og A-landslið jafnt hjá bæði konum og körlum.

Afreksstarfið hefur verið byggt upp á sama grunni undanfarin ár, þ.e. byrjað er á Úrvalsbúðum yfir sumarið fyrir þau yngstu (10-13 ára) þar sem elsta árið fer ári síðar í U14 æfingabúðir sem haldnar eru á þrem helgum í stað tveggja áður. Þá hefur skipulag og uppbygging búðanna verið uppfærður og auknar kröfur gerðar og þjálfun markvissari. Hátt í 800 krakkar fengu boð í Úrvalsbúðir og 120 leikmenn í U14 búðirnar.

Afreksstarf KKÍ hefur stækkað og eflst og hefur velta afreksstarfsins aukist til muna undanfarin ár. Hjá A-liði karla hafa komið meiri kröfur frá FIBA varðandi umgjörð móta og fyrir heimaleiki. Einnig voru fleiri leikir í forkeppni HM23 í 1. og 2. umferð líkt og Ísland fór í gegnum að þessu sinni.

Stærstu áhyggjur sem stöðja að afreksstarfinu nú eru tengdar fjármagni. Því miður hefur ríkisvaldið ekki stutt nægilega vel við íþróttir í landinu fjárhagslega og breytinga er þörf strax. Ráðherra íþróttamála hefur sýnt málinu mikinn stuðning og eru miklar vonir bundnar við hans vinnu á næstunni.



Stjórn ÍSí ákvað að færa KKÍ í flokk B-sambanda í byrjun árs 2023 og getur það haft mjög alvarlegar afleiðingar fyrir allt afreksstarf sambandsins verði það ekki lagað hið fyrst. Stjórn KKÍ er í vinnu við að fá leiðréttan hlut KKÍ í síðustu úthlutun og til næstu ára. Í mars 2023 hófst vinna hjá ÍSí við að fara yfir reglugerð afrekssjóðs sem mun vonandi skila sér í leiðréttingu á hlut KKÍ. Í samanburði við önnur lönd þá er KKÍ langt á eftir þeim er varðar fjármagn sem sambandið fær til að reka sitt afreksstarf. KKÍ hefur þurft í mun meira mæli en aðrar þjóðir sem við berum okkur saman við að reiða sig á framlag styrktaraðila. Án styrktaraðila væri starfið ógerlegt og fyrir það ber að þakka. En gera þarf betur, velta afreksstarfsins hefur aukist jafnt og þétt og sér fram á verulegan skort á fjármagni á næstu tveim árum ef fram heldur sem horfir. Þess ber að geta að KKÍ hefur næst mest allra íslenskra sérsambanda niðurgreitt þátttöku yngri landsliða sinna og hefur það verið stefna sambandsins að kostnaður vegna þátttöku í landsliðsverkefnum verði niðurgreiddur að fullu. Það er alveg ljóst að erfitt verður að ná því markmiði án frekari styrkja frá ríkisvaldinu og ÍSí.

Eftir krefjandi sóttvarnartakmarkanir fór landsliðsstarfið í sitt eðlilega horf í byrjun árs 2022. FIBA hélt úti Evrópumótum A-liða yfir COVID-tímabilið með tilheyrandi kostnaði og vinnu á samböndin en það var látið ganga upp. Frá haustmánuðum 2021 var leikið heima og að heiman en ekki í sóttvarnarbubblum sem var gríðarlega mikilvægt, bæði upp á tekjuöflun á heimaleikjum og almennar vinsældir á Íslandi fyrir stuðningsmenn.

Með auknum kröfum til afreksstarfsins og þjálfara hefur verið krefjandi að manna öll stöðugildi landsliðsþjálfara þar sem það fer mikil vinna í að fá einstaklinga til starfsins og mikil vinna sem liggur að baki hjá hverju þjálfarateymi.

Eftir að U15 liðin tóku ekki þátt í verkefni erlendis 2021, þá óskaði Finnland eftir samstarfi síðasta sumar sem reyndist mjög vel og fór liðið í æfinga- og keppnisferð til Kisakallio og léku tvö níu manna lið átta landsleiki alls í bland við æfingar við frábærar aðstæður. Þetta verkefni verður aftur sumarið 2023.

Norðurlandamót var haldið í Finnlandi árið 2021 í sóttvarnarbubblu þar sem fjögur lið í U16 og U18 karla og kvenna tóku þátt en það var eina verkefnið það árið þar sem FIBA hélt aðeins minni mót innan Evrópu fyrir þau sem það kusu. Stjórn KKÍ ákvað að árið 2021, í samvinnu við hin Norðurlöndin, yrði eingöngu leikið á NM. Árið á eftir, sumarið 2022, reyndist okkur mun betur og fór allt fram með eðlilegum hætti. Þá fóru sömu lið í kjölfar Norðurlandamótsins á Evrópumót FIBA sem leikin voru með eðlilegum hætti ásamt U20 ára landsliðum karla og kvenna sem fóru á sín Evrópumót að nýju.

Áralöng hefð er fyrir æfingum landsliða á milli jóla og áramóta hjá yngri liðum en þá er frí í skólum og almennt hjá félagsliðum. KKÍ var að auki með fyrirlestra fyrir landsliðshópa á sviði hugarþjálfunar- og næringarfræðslu fyrir afrekshópana sína sem tókst vel til.

Finnur Freyr Stefánsson hefur frá 2020 verið yfirþjálfari yngri landsliða KKÍ en hann hefur staðið sig framúrskarandi ásamt afreksstjóra við að skipuleggja, framfylgja og leiða afreksstarf KKÍ og auka bæði gæði og faglegheit. Finnur Freyr óskaði nýlega eftir að hætta

sem yfirþjálfari yngri liða af persónulegum ástæðum og þakkar KKÍ honum fyrir sín vel unnin störf. Leit er hafin af arftaka hans.

Nýlega var samið við Craig Pedersen um áframhaldandi þjálfun karlalandsliðsins. Einnig voru samningar framlengdir við aðstoðarþjálfara hans, þá Baldur Örn Ragnarsson og Hjalta Þór Vilhjálmsson. Þjálfarateymið hefur sýnt mikla hæfni og fagmennsku í sínu starfi sem skilaði landsliðinu á frábæran stað eftir að hafa lent í mikilli áskorun við að ná fyrri stöðu í evrópskum körfuknattleik. Liðið komst áfram upp úr lokaumferð forkeppni HM 2023 sumarið 2021 og lék í henni undanfarin tvö ár með glæsilegum árangri. Liðið byrjaði á því að komast áfram úr fyrri umferðinni. Það eitt og sér tryggir liðinu sæti í drættinum fyrir undankeppni EuroBasket 2025. Árangur liðsins í annarri umferðinni tryggði liðinu einnig hækkun í styrkleikaflokki þegar sá dráttur fer fram en liðið var einungis hársbreidd frá því að tryggja sér keppnisrétt á lokamóti HM.

A-landslið kvenna tók þátt í undankeppni EuroBasket Women's 2023 þar sem Benedikt Guðmundsson var þjálfari liðsins ásamt Halldóri Karli Þórssyni og Ólafi Jónasi Sigurðssyni sem voru hans aðstoðarþjálfarar. Liðið var það yngsta í allri keppninni og endaði í 3. sæti síns riðils sem einnig leiðir til hækkunar á styrkleikaflokk fyrir næstu undankeppni.

A-landslið kvenna átti erfiða leiki í riðlinum, en til marks um styrkleika riðilsins þá komust bæði Spánn og Ungverjaland upp úr riðlinum á EM í sumar 2023. Ísland vann Rúmeníu einu sinni og innbyrðis sem skilaði þriðja sætinu. Liðið sýndi á köflum frábæra spilamennsku og eru margir ungir og spennandi leikmenn að koma upp og er framtíðin björt hjá kvennalandsliðinu.

Afreksnefnd, stjórn og starfsfólk KKÍ sendir sínar bestu þakkir til landsliðsfólks, þjálfara, fylgdarliðs og fjölskyldna þeirra fyrir fórnfýsi og vilja til að keppa fyrir Íslands hönd á undanförunum árum og allt sem þau hafa lagt af mörkum fyrir KKÍ og íslenskan körfuknattleik. Við erum stolt af okkar fólki og hlökkum til áframhaldandi starfs og sigra á næstu árum.

Yfirlit verkefna, landsliðshópa og leikja landsliða Íslands frá sumri 2021 til mars 2023:

Landslið kvenna 2021-2023

Íslenska kvennalandsliðið hóf störf með því að taka tvær æfingahelgar um sumarið með stórum hópi leikmanna sem gaf þjálfurum tækifæri á að skoða fleiri leikmenn sem og að leyfa þeim sem eru við nám í USA að vera inni í leikkerfum og áherslum. Ekki var unnt að fá æfingaleiki þetta sumarið við önnur landslið (þau voru ekki í gangi eða lið tilbúin að leika snemma um sumarið).



Undankeppni EuroBasket Women's 2023 - nóvember gluggi 2021

Hér var „COVID-bubblum“ loksins lokið líkt og hafði verið að undanfögnu og farið að leika að nýju heima og að heiman með sóttvarnareglum þó. Ísland var í riðil með Spáni, Ungverjalandi og Rúmeníu. Fyrsti leikur liðsins var útileikur gegn Rúmeníu og heimaleikur gegn Ungverjum, en þetta voru fyrstu tveir leikir liðsins í þessari undankeppni.

Leika þurfti í Ólafssal í Hafnarfirði í umsjón Hauka þar sem vatn hafði flætt inn á gólf Laugardalshallar og hún var ónothæf. Sú viðgerð átti eftir að taka tvö ár með tilheyrandi kostnaði og tilfæringum þar sem Laugardalshöll er eini (þó á undanþágu) löglegi leikvangurinn fyrir keppni á efsta stigi karla.

Danielle Rodriguez sem áður hafði verið aðstoðarþjálfari hafði flutt út til USA að þjálfar og við tók Ólafur Jónas Sigurðsson aðstoðarþjálfarastöðu hennar með Benedikt og Halldóri Karli.



Úrslit leikja:

Rúmenía 65:59 Ísland · Bucharest, Rúmenía – 11. nóvember
Ísland 58:115 Ungverjaland · Ólafssalur, Hafnarfjörður – 14. nóvember

Leikmenn Íslands í leikjunum tveim í nóvember 2021:

Anna Ingunn Svansdóttir · Keflavík · Nýliði

Ásta Júlía Grímsdóttir · Valur · 2

Bríet Sif Hinriksdóttir · Haukar · 6

Dagbjört Dögg Karlsdóttir · Valur · 8

Dagný Lía Davíðsdóttir · Fjölnir · Nýliði

Embla Kristínardóttir · Skallagrímur · 21

Emma Sóldís Svan Hjördísardóttir · Fjölnir · Nýliði

Elísabeth Ýr Ægisdóttir · Haukar · Nýliði

Hallveig Jónsdóttir · Valur · 25

Lovísa Björt Henningsdóttir · Haukar · 6

Sara Rún Hinriksdóttir · Phoenix Constanta, Rúmenía · 23

bóra Kristín Jónsdóttir · AKS Falcon, Danmörk · 21

Hildur Björg Kjartansdóttir og Isabella Ósk Sigurðardóttir voru meiddar.

Fylgdarlið:

Þjálfari: Benedikt Rúnar Guðmundsson

Aðstoðarþjálfari: Halldór Karl Þórsson og Ólafur Jónas Sigurðsson

Sjúkraþjálfari: Sædís Magnúsdóttir

Næsti gluggin í EM-undankeppninni:

Ekki var leikið í febrúar-glugganum 2022 í kvennakeppninni og næstu gluggar voru í nóvember 2022 og febrúar 2023, en í keppnisdagatali FIBA eru ÓL-undankeppni í febrúar.

Nordic-Cup æfingamót í Tampere, Finnlandi, 5.-7. ágúst

Íslenska liðið fór á þriggja liða mót ásamt Finnum og Svíum og lék tvo vináttulandsleiki leiki fyrir nóvember-verkefni liðsins.

Ísland 67:89 Finnland

Ísland 46:81 Svíþjóð

Leikmenn hópsins:

Anna Ingunn Svansdóttir · Keflavík · 2

Ásta Júlía Grímsdóttir · Valur · 4

Dagbjört Dögg Karlsdóttir · Valur · 10

Dagný Lía Davíðsdóttir · Fjölnir · 2

Diljá Ögn Lárusdóttir · Stjarnan · Nýliði

Elísabeth Ýr Ægisdóttir · Haukar · 2

Helena Rafnsdóttir · Njarðvík · Nýliði

Helena Sverrisdóttir · Haukar · 77

Hildur Björg Kjartansdóttir · Valur · 34

Sara Rún Hinriksdóttir · Faenza Basket Project, Ítalíu · 25
Vilborg Jónsdóttir · Njarðvík · Nýliði
Þóra Kristín Jónsdóttir · AKS Falcon, Danmörku · 23

Fararteymi og þjálfarar:

Benedikt Guðmundsson · Þjálfari
Halldór Karl Þórsson · Aðstoðarþjálfari
Ólafur Jónas Sigurðsson · Aðstoðarþjálfari
Sædís Magnúsdóttir · Sjúkraþjálfari
Kristinn Geir Pálsson · Liðsstjóri
Jóhannes Páll Friðriksson · FIBA dómari



Undankeppni EuroBasket Women's 2023 · nóvember gluggi 2022

Leikir liðsins í öðrum landsliðsglugganum í keppninni voru útileikur gegn Spáni og svo heimaleikur gegn Rúmeníu.

Spánn 120:54 Ísland · Huelva, Spáni - 24. nóvember

Ísland 68:58 Rúmanía Laugardalshöllin – 27. nóvember

Liðsskipan Íslands í nóvember-glugganum 2022:

Anna Ingunn Svansdóttir · Keflavík · 2

Ásta Júlía Grímsdóttir · Valur · 6

Dagbjört Dögg Karlsdóttir · Valur · 12

Dagný Lía Davíðsdóttir · Fjölnir · 4

Diljá Ögn Lárusdóttir · Stjarnan · 2
Elísabeth Ýr Ægisdóttir · Haukar · 4
Eva Margrét Kristjánsdóttir · Haukar · 2
Hildur Björg Kjartansdóttir · BC Namur-Capitale, Belgíu · 36
Isabella Ósk Sigurðardóttir · Njarðvík · 8
Sara Rún Hinriksdóttir · Faenza Basket Project, Ítalíu · 26
Tinna Guðrún Alexandersdóttir · Haukar · Nýliði
bóra Kristín Jónsdóttir · AKS Falcon, Danmörk · 25

Þjálfari: Benedikt Guðmundsson

Aðstoðarþjálfarar: Halldór Karl Þórsson og Ólafur Jónas Sigurðsson.

Þær sem ekki gátu tekið þátt að þessu sinni vegna meiðsla voru Birna Valgerður Benónýsdóttir Keflavík, Hallveig Jónsdóttir Val, Helena Sverrisdóttir Haukum og Lovísa Björt Henningsdóttir Haukum.



Undankeppni EuroBasket Women's 2023 · febrúar gluggi 2023

Leikir liðsins í öðrum landsliðsglugganum í keppninni voru útileikur gegn Ungverjalandi og svo heimaleikur gegn Spáni. Þetta voru síðustu tveir leikir liðsins í keppninni.

Ungverjaland 89:49 Ísland · Miskolc, Ungverjalandi – 9. febrúar
Ísland 34:88 Spánn · Laugardalshöllin – 12. febrúar

Liðsskipan Íslands í febrúar-glugganum 2023:

Anna Ingunn Svansdóttir · Keflavík · 4

Ásta Júlía Grímsdóttir · Valur · 8
Dagbjört Dögg Karlsdóttir · Valur · 14
Diljá Ögn Lárusdóttir · Stjarnan · 4
Elísabeth Ýr Ægisdóttir · Haukar · 6
Emma Sóldís Svan Hjördísardóttir · Haukar · 2
Eva Margrét Kristjánsdóttir · Haukar · 4
Hildur Björg Kjartansdóttir · Valur · 38
Isabella Ósk Sigurðardóttir · Njarðvík · 10
Sara Rún Hinriksdóttir · Faenza Basket Project, Ítalíu · 28
Tinna Guðrún Alexandersdóttir · Haukar · 2
Þóra Kristín Jónsdóttir · AKS Falcon, Danmörk · 27

Þjálfari: Benedikt Guðmundsson

Aðstoðarþjálfarar: Halldór Karl Þórsson og Ólafur Jónas Sigurðsson.

Sjúkraþjálfari: Sædís Magnúsdóttir · Atlas Endurhæfing

Læknir: Unnur Tara Jónsdóttir

Fararstjórn: Kristinn Geir Pálsson, Sigrún Ragnarsdóttir og Hannes S. Jónsson.

Þær sem ekki gátu tekið þátt að þessu sinni vegna meiðsla eru þær Dagný Lís Davíðsdóttir, Fjölni, Hallveig Jónsdóttir, Val og Helena Sverrisdóttir, Haukum.

Liðið endaði með einn sigur og innbyrðis stöðu gegn Rúmeníu og hafnaði því í 3. sæti riðilsins og hækkar um styrkleikaflokk fyrir næsta undankeppni. Spánn og Ungverjaland tryggðu sér sæti á lokamóti EM 2023 sem fram fer í lok sumars. Næsta verkefni liðsins verða æfingar sumarið 2023 og ný undankeppni EuroBasket Women 2025 sem byrjar haustið 2023.

Landslið karla 2021-2023

Æfingaleikir við Eistland - sumarið 2021

Tveir æfingaleikir í boði Eistlands í lok júlí í Tallinn, Eistlandi. Farið var út með 14 leikmenn og fengu allir að spila í leikjunum tveim. Þetta var undirbúningur fyrir bæði lið fyrir verkefni sumarsins sem framundan voru.

Ísland 79:91 Eistland

Ísland 72:93 Eistland

Liðskipan í leikjunum tveim (14 léku báða leiki):

Bjarni Guðmann Jónsson, Háskóli USA · Nýliði

Davíð Arnar Ágústsson, Þór Þorlákshöfn · Nýliði

Elvar Már Friðriksson, Telnet Giants Antwerp, Belgíu · 50

Gunnar Ólafsson, Stjarnan · 24

Hilmar Smári Henningsson, Stjarnan · 4

Kári Jónsson, Basket Girona, Spánn · 16

Kristinn Pálsson, Grindavík · 17

Ólafur Ólafsson, Grindavík · 40

Ragnar Örn Bragason, þór þorlákshöfn · Nýliði
Styrmir Snær Þrastarson, þór þorlákshöfn · 2
Sigtrygur Arnar Björnsson, Tindastóll · 14
Tómas Þórður Hilmarsson, Stjarnan · 10
Þórir Guðmundur Þorbjarnarson, KR · 9
Ægir Þór Steinarsson, Stjarnan · 64

Þjálfarar og starfsmenn liðsins:

Craig Pedersen · Þjálfari
Baldur Þór Ragnarsson · Aðstoðarþjálfari
Hjalti Þór Vilhjálmsson · Aðstoðarþjálfari
Valdimar Halldórsson · Sjúkraþjálfari
Hannes S. Jónsson · Fararstjórn
Kristinn Geir Pálsson · Liðsstjóri
Jón Bender · Sóttvarnarfulltrúi

2. umferð Pre-Qualifiers (forkeppni) HM 2023

Lokariðillinn, Podgorica, Svartfjallalandi ágúst 2021

Þriggja liða riðill þar sem við sem sigurvegarar úr fyrri umferðinni fórum í riðil með tveim liðum frá undankeppni EuroBasket 2022 sem ekki tryggðu sig áfram á EM. Ísland dróst í riðil með Svartfjallalandi og Danmörku sem komu niður úr riðlakeppni EuroBasket 2022 þar sem þau tryggðu sér ekki sæti á lokamótinu 2022. Tvö efstu liðin tryggðu sig áfram í riðil fyrir undankeppnina sjálfa fyrir HM 2023 sem var að taka við á komandi hausti. Leikið var í bubblu í Svartfjallalandi tvisvar gegn hvorri þjóð í COVID-bubblu.

Úrslit leikja:

Ísland 83:69 Svartfjallaland

Ísland 91:70 Danmörk

Ísland 80:82 Svartfjallaland

Ísland 89:73 Danmörk



Ísland hafnaði í 2. sæti mótsins og þar með öruggt sæti í HM-riðlakeppninni sem hófst í nóvember 2021.

HM 2023 - Undankeppnin - 1. umferð - nóvember 2021

Íslenska liðið var dregið í riðili með Rússlandi, Ítalíu og Hollandi í þessa fyrstu umferð. Efstu þrjú liðin fóru áfram í 2. umferð keppinnar og myndu jafnframt tryggja sér sæti í beint í dráttinn fyrir EM-riðlakeppnina 2025 sem tekur við í framhaldinu. Fyrsti leikur liðsins var útileikur gegn Hollandi og síðan í kjölfarið útileikur við Rússland, en vegna bilunar í Laugardalshöll var ákveðið að skipta á heimaleik/útileik í þessum glugga og leika hann síðar um sumarið heima, sem síðar varð ekki úr þar sem Rússum var vikið úr keppni v/ stríðsins við Úkraínu eftir febrúar gluggann 2022.



Holland 77:79 Ísland, Amsterdam, Hollandi – 26. nóvember

Rússland vs. Ísland · St. Pétursborg, Rússlandi – 29. nóvember

[ATH! Rússland vann leikinn en þar sem Rússum var vikið úr keppni að ákvörðun FIBA töldu leikir þeirra ekki gegn neinum öðrum liðum í riðlinum].

Liðið var skipað eftirtöldum leikmönnum:

Martin Hermannsson var hvíldur í seinni leiknum v/ meiðsla en var á skýrslu.

Elvar Már Friðriksson · Antwerp Giants, Belgíu [56]

Hilmar Smári Henningsson · Stjarnan [7]

Jón Axel Guðmundsson · Bologna, Ítalía [13]

Kári Jónsson · Valur [22]

Kristinn Pálsson · Grindavík [23]

Kristófer Acox · Valur [44]
Martin Hermannsson · Valencia, Spánn [69]
Ólafur Ólafsson · Grindavík [46]
Ragnar Ágúst Nathanaelsson · Stjarnan [55]
Tryggvi Snær Hlinason · Zaragoza, Spánn [47]
Þórir Guðmundur Þorbjarnarson · KR [14]
Ægir Þór Steinarsson · Gipuzkoa Basket, Spánn [64]

Þjálfari: Craig Pedersen

Aðstoðarþjálfarar: Baldur Þór Ragnarsson og Hjalti Þór Vilhjálmsson

Sjúkraþjálfari: Valdimar Halldórsson · Atlas Endurhæfing

Sóttvarnarfulltrúi: Jón Bender

Fararstjórn og fulltrúar KKÍ: Kristinn Geir Pálsson og Hannes S. Jónsson

Hörður Axel, Haukur Helgi og Sigtryggur Arnar voru meiddir.

HM 2023 · Undankeppnin · 1. umferð - febrúar 2022

Íslenska liðið átti hér leiki heima og að heiman gegn Ítalíu. Fyrst var leikið í Ólafssal þar sem Ísland tryggði sér sigur eftir tví-framlengdan leik gegn sterku liðin Ítala. Seinni leikurinn fór fram í Bologna á Ítalíu nokkrum dögum síðar.



Ísland 107:105 Ítalía · Ólafssalur, Hafnarfjörður - 24. febrúar
Ítalía 95:87 Ísland · Paladozzio, Bologna, Ítalíu - 27. febrúar

Liðið var skipað eftirtöldum leikmönnum:

Sigurður Gunnar lék heimaleikinn, en Haukur Helgi fékk jákvætt COVID-smit á leikdegi, ásamt Baldri þór aðstoðarþjálfara og einum þjálfara Ítalíu, og missti Haukur Helgi því af báðum leikjunum í febrúar. Martin var hvíldur í seinni leiknum ytra. Kristinn Pálsson lék seinni leikinn á Ítalíu í stað Hauks Helga.

Lið Íslands í leikjunum tveim:

Ægir Þór Steinarsson · Gipuzkoa Basket, Spáni [66]

Elvar Már Friðriksson · Antwerp Giants, Belgíu [58]

Haukur Helgi Briem Pálsson · Njarðvík [68]

Hörður Axel Vilhjálmsson · Keflavík [86]

Jón Axel Guðmundsson · Hakro Merlins Crailsheim, Þýskalandi [15]

Kári Jónsson · Valur [24]

Kristinn Pálsson · Aris Leeuwarden, Hollandi [15]

Martin Hermannsson · Valencia Basket, Spáni [71]

Ólafur Ólafsson · Grindavík [47]

Pavel Ermolinskij · Valur [74]

Ragnar Ágúst Nathanaelsson · Stjarnan [57]

Sigtryggur Arnar Björnsson · Tindastóll [12]

Sigurður Gunnar Þorsteinsson · Tindastóll [58]

Tryggvi Snær Hlinason · Basket Zaragoza, Spáni [49]

Þórir G. Þorbjarnarsson · Landstede Hammers Zvolle, Hollandi [16]





HM 2023 · Undankeppnin · 1. umferð - júlí 2022

Síðasti leikur liðsins í fyrri umferðinni var mikilvægur leikur gegn Hollandi en ljóst var að bæði lið færu áfram og tækju stig/sigra með sér í framhaldið. Þar sem Rússlandi var vikið úr keppni var aðeins einn leikur heima í Ólafssal þennan mánuðinn.

Ísland 67:66 Holland · Ólafssalur, Hafnarfjörður

Lið Íslands í leikjunum tveim:

Elvar Már Friðriksson · Derthona Basket, Ítalíu [73]

Haukur Helgi Briem Pálsson · Njarðvík [69]

Hörður Axel Vilhjálmsson · Keflavík [92]

Jón Axel Guðmundsson · Hakro Merlins Crailsheim, Þýskaland [19]

Kári Jónsson · Valur [25]

Ólafur Ólafsson · Grindavík [49]

Ragnar Ágúst Nathanaelsson · Stjarnan [56]

Sigtryggur Arnar Björnsson · Tindastóll [21]

Styrmir Snær Þrastarson · Davidson, USA [2]

Tryggvi Snær Hlinason · Basket Zaragoza, Spáni [51]

Þórir G. Þorbjarnarsson · Landstede Hammers, Hollandi [17]

Ægir Þór Steinarsson · Gipuzkoa Basket, Spáni [73]

Lokastaðan í 1. umferð

